



Rauði kross Íslands

2. tölublað, 10. árgangur. maí 2003

1717

Hjálparsími
Rauða krossins

Bjartsýn á ný

Flóttamenn koma til Akureyrar

Hetjur við hættustörf

Alþjóða Rauði krossinn í Írak



Reykjavíkurreildin tekur við Alþjóðahúsinu á Hverfisgötu:

Eflum starf með útlendingum

Tímamót urðu í rekstri Alþjóðahússins hinn 1. febrúar þegar Reykjavíkurreild Rauða kross Íslands tók við rekstrinum. „Með þessu getum við eflt okkar starf fyrir útlendinga,“ segir Ómar H. Kristmundsson, formaður deildarinnar.

Alþjóðahúsið var stofnað í september 2001 sem einkahlutafélag í eigu bæjarfélaga-anna á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurreildar Rauða krossins. Nú var gerður þjónustusamningur við bæjarfélögin sem áfram standa straum af hluta kostnaðar við reksturinn. Vaxandi þörf er fyrir þjónustu hússins en fjöldi útlendinga röskegla tvöfaldaðist á árunum 1990–2002 og eru erlendir ríkisborgarar nú um 4% landsmanna. Langflestir þeirra búa á höfuðborgarsvæðinu, eða 63%. Í grófum dráttum

má segja að markmiðið með stofnun Alþjóðahússins hafi verið að auðvelda útlendingum að aðlagast íslensku samfélagi og eins að auðvelda Íslendingum að aðlagast breyttu umhverfi. Í því skyni hefur meginstarfsemi hússins falist í tvennu; annars vegar upplýsingum til samfélagsins og hins vegar túlkaþjónustu.

Velja vígvellina vel

„Nú getum við samnýtt starfskrafta í málefnum hælisleitenda. Við höfum verið að vinna að málefnum útlendinga en höfum nú tækifæri til að gera betur,“ segir Ómar.

Hákon Gunnarsson, stjórnarformaður og rekstrarráðgjafi, var ráðinn tilsjónarmaður með rekstrinum síðastliðið haust. Talsverð átök höfðu verið um málefni Alþjóðahúss, skiptar skoðanir um hvernig húsið ætti



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skrifa undir þjónustusamning við Reykjavíkurreild Rauða kross Íslands.

að beita sér í málefnum útlendinga, en auk þess hafði verið tap á rekstri kaffihússins. Hákon telur tillögu Ómars um að Rauði krossinn tæki við rekstrinum hafa verið afar farsæla lausn, enda Rauði krossinn þekktur fyrir að vinna af hlutleysi og í kyrrþey. „Það eru jú einstaklingarnir sem skipta máli.“ Hákon nefnir til dæmis að nýverið vaknaði grunur um mannsal við komu fjögurra Kínverja hingað til lands. „Þá kallaði sýslumaður til fulltrúa Rauða krossins. Lögfræðingur Alþjóðahússins fór strax í málid og hefur fylgt því eftir. Ómar lagði þetta þannig upp að Alþjóðahúsið ætti að hafa áhrif og í svona málum finnst okkur að við séum að gera gagn.“

Þá var einnig ákveðið að leigja út kaffihúsið, enda ekki hlutverk sveitarfélaga að greiða niður kaffihúsarekstur, segir Hákon. „Maður verður að velja vígvellina vel – það er nóg við peningana að gera. Það eru ekki nema um 10 þúsund útlendingar búsettir á Íslandi og við eigum að geta haldið vel utan um þann hóp. Við erum með lögfræði- og túlkaþjónustu fyrir utan allt fræðslustarfið. Ég sé fyrir mér að fara enn lengra og auka samstarf á sviði félagsþjónustu og menntamála. Að Alþjóðahúsið verði dýnamískt og lifandi og fyrsti viðkomustaður útlendinga sem þurfa á einhverri þjónustu að halda.“

Hlúum að sjálfbóðaliðum

Það má með sanni segja að sjálfbóðaliðar séu verðmætt fólk, fólk sem þarf að hlúa að. Án sjálfbóðaliða væri öll hin góða og gagnlega starfsemi samtaka eins og Rauða krossins illmöguleg. En hvernig fáum við fólk til starfa og hvernig hlúum við að því? Það eru sjálfsagt til mörg svör við þeim spurningum, en hafa verður hugfast hversu margt það er sem togar fólk að sér. Fjölskyldan, vinnan, vinirnir, áhugamálin og íþróttir eru fátt eitt af því sem sinna ber og að því loknu er oft ekki mikill tími eftir til sjálfbóðaliðsstarfa. En sem betur fer virðist alltaf vera til fólk sem er tilbúið til þess að leggja á sig töluverða aukavinnu til að hjálpa þeim sem minna mega sín í samfélagi okkar manna.

Með þetta í huga gefur það auga leið að miðlun verkefna verður að haga af skynsemi og sanngírni. Ekki má leggja svo mikið á fólk að það hreinlega kikni undan fjölda þeirra verkefna sem lögð eru á herðar þeim því þótt smá-pressa sé bara af hinu góða má öllu ofgera. Um leið og verkefni eru kom-

in í vanskil og stafli þeirra verkefna sem biða stækkar jafnt og þétt er ánægjan fljót að hverfa úr starfinu. Úthlutun verkefna verður að vera markviss og undir eftirliti þannig að hægt sé að komast hjá því að við missum virka félaga úr okkar röðum.

Að mínu mati spilar aðstaða til reksturs deilda nokkuð stóran þátt í starfsemiinni. Það hlýtur alltaf að vera heillavænlegra fyrir deildir að hafa húsnæði undir rekstur deildanna, annað en heimili stjórnarmanna. Húsnæði þar sem félagsmenn deilda geta komið saman og skipulagt starfið, framkvæmt, rætt málin og síðast en ekki síst skapað

fastan punkt í tilveru hvers samfélags þar sem fólk veit af tilvist Rauða krossins og hvar hægt er að nálgast það ágæta starf.

Verkefni eru mörg og oft á

tíðum erfitt að gera upp á milli þeirra þar sem hvert virðist öðru mikilvægara. Til þess að góður árangur náist verðum við þó að velja og hafna. Það hlýtur að vera betra að leysa eitt verkefni í einu með sóma en að eiga tíu hálfklaruð rykföllin upp í hillu.

Með skýrri stefnumörkun deilda og vönduðum áætlunargerðum, með einungis þeim fjölda verkefna sem hver deild telur sig geta framkvæmt og ráðið við, tel ég að starf okkar geti haldið áfram að blómstra og dafna um ókomna framtíð. Við þurfum að hlúa að sjálfbóðaliðunum okkar og leita sífellt leiða til þess að laða til okkar fleira fólk sem tilbúið er til þess að koma og vinna að málefnum þeim sem við tökumst á við. Sjálfbóðaliðarnir okkar eru jú það dýrmætasta sem við eigum, verðmæti sem aldrei verður metið til fjár og aldrei skyl-di vanmeta. Það eru þeir sem bera starfið uppi.

Með von um að sumarið reynist okkur gott og framtíðin björt.

Hjálp

Rauði Kross Íslands

2. tölublað, 10. árgangur, maí 2003
Útgefandi: Rauði kross Íslands
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík
Sími: 570 4000 **Fax:** 570 4010
Netfang: central@redcross.is
Veffang: www.redcross.is
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þórir Guðmundsson
Umsjón: Lóa Aldisardóttir
Netfang: thorir@redcross.is
Útlit: Mátturinn og dýrðin
Umbrot: Blaðasmiðjan
Prófarkalestur: Mördur Árnason
Prentun: Prentsmiðjan Oddi
Upplag: 35.000

Stjórn Rauða kross Íslands:
Úlfar Hauksson formaður
Jóhannes Rúnar Jóhannsson varaformaður
Sigurður Arnar Sigurðsson ritari
Ólafur Ólafsson gjaldkeri
Anna Stefánsdóttir
Guðný Sigurðardóttir
Hörður Högnason
Karen Erla Erlingsdóttir
Kristján Sturluson
Pálín Dögg Helgadóttir
Torben Friðriksson

Framkvæmdastjóri:
Sigrún Árnadóttir



Pétur Pétursson formaður Hverfisgerðis-deildar

Sprengjunámskeið fyrir sendifulltrúa

Sendifulltrúar á Veraldarvaktinni fóru á sprengjunámskeið fyrir skömmu – ekki til að læra að meðhöndla sprengjur heldur til að forðast þær. Þetta var afar gagnlegt námskeið, segir Davíð Lynch, verkefnisstjóri hjá Alþjóðadeild Rauða kross Íslands, en gríðarlegt magn af sprengjum er fólgið í jörðu víðsvegar um heiminn og á sá sem nærri kemur vísa limlestingu.

Jarðsprengjur eru einhver ógeðfældustu vopn sem notuð eru í stríðsátökum, enda liggja þau áfram í jörðu löngu eftir að bardögum linnir. Meirihluti fórnarlamba jarðsprengna er óbreyttir borgararar, aðallega konur og börn. Í ljósi þess að jarðsprengjur voru notaðar í stríðinu milli Íraks og Írans árið 1980 og svo aftur í Persaflóastríðinu var ákveðið að fræða tilvonandi sendifulltrúa um hvernig á að forðast jarðsprengjur.

Langvarandi afleiðingar

„Jarðsprengjur eru umfangsmikið vandamál,” segir Davíð. „Þær tefja oft hjálparstarf, hægja á uppbyggingu eftir stríðsátök og hindra flóttafólk við að snúa

aftur til síns heima eftir að átökum lýkur. Sem er mjög eðlilegt því það er ekki fýsilegt fyrir fólk að koma heim til að yrkja jörð sem er morandi í jarðsprengjum eða senda skepnur sínar á beit í haga þar sem hættu er á jarðsprengjum,” segir Davíð.

Flestir missa útlími

Nú í mars voru liðin fjögur ár síðan Ottawa-samkomulagið um bann við notkun jarðsprengna

Ástandið er einna verst í Kambódíu þar sem um 2,5% þjóðarinnar hafa lent í jarðsprengjum – sem samsvarar því að um 7000 Íslendingar hefðu slasast eða misst útlím vegna jarðsprengju. Algengast er að fólk missi fót eða hönd þegar það stígur á jarðsprengju. Þá er einnig mikið af sprengjum í jörðu í Mósambík, Angóla og Afganistan.

var staðfest með undirritun 131 ríkis. Á þessum tíma hefur náðst að hreinsa nærri 30 milljónir jarðsprengna úr jörðu. Þá hafa 44 aðildarríki eyðilagt birgðir sínar og 41 ríki hefur hætt allri

framleiðslu á jarðsprengjum. Fórnarlömbum jarðsprengna hefur fækkað mjög í kjölfarið og á sumum starfssvæðum Alþjóðaráðs Rauða krossins hefur fórnarlömbum fækkað um 60–70%.

Það er þó alls ekki í verkahring sendifulltrúa að hreinsa sprengjur úr jörðu. Hins vegar er nauðsynlegt fyrir þá að þekkja sprengjurnar og afleiðingar þeirra. „Það eru einkum sendifulltrúar sem fara til að kanna heilsufar íbúa í afskekktum þorpum og eins þeir sem kanna ástand vatnsbóla sem þurfa að gæta sín, enda er jarðsprengjum oft komið fyrir kringum vatnsból til að hindra óvininn í að sækja sér vatn,” segir Davíð. Þá geta sendifulltrúar einnig þurft að annast fórnarlömb jarðsprengna, sem er mjög erfitt því aflímun er veruleg læknisaðgerð. „Svo eru þetta erfið sár því að sprengjan þýtur upp og þrýstir inn í útlími spýtum, grjóti og skít. Það er ekki auðvelt að hreinsa þessi sár til að koma í veg fyrir sýkingar og ígerð.“ Á námskeiðinu voru því bæði sprengjusérfræðingur frá Landhelgisgæslunni og heilbrigðisstarfsfólk sem hefur reynslu af slíkum aðgerðum.



Þeir sem sóttu fundinn um jarðsprengjur eru allir þjálfaðir sendifulltrúar á svokallaðri Veraldarvakt. Þeir sem þar eru skráðir mega búast við að vera sendir fyrirvaralítið á átaka-svæði þar sem þörf er fyrir fólk með þeirra menntun og reynslu.

Framtíðin er netvædd

Nýr og umfangsmikill vefur Rauða kross Íslands fór í loftið í vor. Þar má meðal annars finna upplýsingar um öll helstu verkefni innan lands og utan, útgáfu hreyfingarinnar, fræðast um einelti, söknuð og meira að segja um ástarsorg! Og vilji maður fyrirhafnarlitið láta gott af sér leiða er hægt að senda framlag til hjálparstarfa beint af heimasíðunni.

Vefurinn er ekki bara upplýsingagátt, segir Þórir Guðmundsson, upplýsingafulltrúi Rauða kross Ís-

lands, heldur og samskiptatæki. „Framtíðin verður netvædd, ekki síst fyrir ungt fólk sem vill ekki láta mata sig eingöngu fyrir framan sjónvarpið heldur sækir sér upplýsingar og lætur í sér heyra. Í Svíþjóð eru til dæmis 80% ungs fólks skráðir þátttakendur í vefsíðunni www.lunarstorm.se, sem er með eitt þúsund spjallþráðum, meðal annars um málefni eins og heimspeki, frið, menningu og stjórnmál. Ungt fólk hefur áhuga á margvíslegum málefnum og er reiðubúið að vinna að sín-



um hugsjónum. Rauði krossinn er einstæður vettvangur fyrir slíkt hugsjónastarf. Þess vegna ætlum við meðal annars að koma upp umræðubrunni á vefnum okkar þar sem menn geta skipst á skoðunum og upplýsingum um starf Rauða krossins. Ég er sannfærður um að ef Rauða krossinum tekst að höfða til þessa unga fólks þá kemur það til okkar. Þetta

gerum við meðal annars með því að halda úti vef sem er gagnvirkur og gefur gegnsæja mynd af starfi félagsins.“

Á vefnum eru einnig upplýsingar um allar deildir Rauða kross Íslands, sem eru 51 talsins, og fréttabréf svæðanna. „Vefurinn er þannig uppbyggður að á honum geta deildir verið með sínar eigin síður, aðgengilegar beint af forsiðunni. Ég hvet deildir sem hafa hug á að koma sér upp eigin vefsíðu að hafa samband við okkur.“

Auk þess að senda framlög er hægt að gerast félagi, styrktarfélagi eða sjálfbóðaliði og sækja um námskeið beint af vefnum.

Hetjuleg barátta Rauða krossins í Írak

Þúsundir starfsmanna og sjálfbóðaliða Rauða krossins og Rauða hálfmánans hafa háð hetjulega baráttu við að sinna særðum og flytja birgðir á sjúkrahúsin í Bagdað frá því að bandamenn réðust á Írak. Þá hafa menn unnið þrekvirki við að koma vatni til íbúa í Basra og Bagdað eftir að vatnsveitur skemmdust í loftárás-um.

Á annað hundrað starfsmanna Alþjóða Rauða krossins og þúsundir starfsmanna og sjálfbóðaliða íraska Rauða hálfmánans hafa haldið uppi viðtæku hjálparstarfi í Írak frá því að sprengjur tóku að falla og harðir bardagar brutust út. Megnið af starfsmönnum Alþjóða-Rauða krossins eru Írakar en einnig hafa 6 útlendrir starfsmenn verið í landinu.

Alþjóðaráð Rauða krossins tók þá ákvörðun að starfa áfram þótt bardagar væru harðir, enda lítur ráðið svo á að það sé megintilgangur hjálparstarfs á átakasvæðum að vera á vettvangi einmitt þegar átök standa sem hæst. Með því móti sé helst hægt að styðja og vernda fólk á stríðstímunum.

Eftir að stríðið skall á var meg-

ináhersla lögð á að aðstoða starfsfólk spítalanna við að halda starfsemi þeirra gangandi. Þegar loftárásir voru harðastar komu mörg hundruð manns – karlar, konur og börn – daglega á fimm stóru sjúkrahúsin í Bagdað, sár eftir sprengjuregn og skotbardaga. Starfsmenn og sjálfbóðaliðar Rauða krossins aðstoðuðu starfsfólk sjúkrahúsanna við að annast stríðssærða. Sumir unnu sleitulaust sólarhringum saman, rétt lögðu sig þegar líkaminn gat ekki meira, en fóru ekki heim af ótta við að komast ekki aftur til vinnu á sjúkrahúsinu.

Þá starfaði hópur lækna og vatnssérfræðinga á vegum Alþjóða Rauða krossins við að fara á milli sjúkrahúsanna í Bagdað og náði að dreifa til þeirra nokkrum tonnum af sjúkragögnum og lyfjum og þúsundum poka af drykkjarvatni. Einnig hafa verktakar á vegum Alþjóða-Rauða krossins aðstoðað heilbrigðisráðuneytið við að halda vararastöðum gangandi á tveimur sjúkrahúsum því rafmagnsflaut var í borginni og varastöðvarnar eina leiðin til að ná í rafmagn. Varaaflið er þó af skornum skammti og dugði aðeins til að halda örfáum skurðstofum starfhæfum.

Alþjóðaráðið í Írak í 20 ár

Alþjóðaráð Rauða krossins hefur starfað í Írak síðan stríðið braust út milli Írans og Íraks árið 1980. Frá Persaflóastríðinu 1991 hefur Alþjóðaráðið einkum beitt sér fyrir því að vernda stríðsfanga og létta almenningi hörmulegar afleiðingar stríðsins en vatns- og skólplagnir og raflínur skemmdust illa í Persaflóastríðinu.

Nú, tólf árum síðar, hefur viðskiptabannið valdið því að allir innviðir þjóðfélagsins eru í rúst. Mengað vatnið ógnar heilsu almennings. Sorpi er oft sturtað beint út í ár og fljót, svo að mikið af því vatni er mengað. Starfsmenn Alþjóðaráðsins hafa meðal annars unnið að því að byggja upp heilbrigðisþjónustu og vatnsveitur



Starfsmenn Rauða krossins dreifðu vatni til sjúkrahúsa og íbúa Basra borgar þegar vatnsveitur hættu að virka.

Milljónir fengu vatn

Rafmagnsveitur voru með því fyrsta sem skemmdist í átökunum og við það lömuðust vatnsveitur. Vatnsskortur varð því tilfinnanlegur fljótlega eftir að stríðið hófst. Þegar við bætist kæfandi hitinn getur vatnsskorturinn orðið lífshættulegur. Þegar ekkert er vatnið er örðugt að viðhalda hreinlæti, og það eykur líkur á útbreiðslu smitsjúkdóma.

Rauði krossinn einhenti sér í að koma vatnsveitu aftur af stað eftir að vatnslaut varð í Basra. Á aðeins einum sólarhring tókst verkfræðingum og tæknimönnum Rauða krossins í samvinnu við starfsmenn Vatnsveitunnar í Basra að koma hreinu vatni til 40% borgarbúa með því að tengja nokkrar vatnshreinsistöðvar aftur við Shatt el-Arab-fljótið og ræsa vararafala stöðvanna. Ekki löngu síðar náðist að tryggja 60% íbúanna aðgang að vatni. Þá var Alþjóða Rauði krossinn með fjölmarga tankbíl á sínum snærum til að koma vatni til þeirra borgarluta sem vatnsveitan nær ekki til.

Í Bagdað urðu sömuleiðis miklar

skemmdir á vatnsveitum og ekkert rennandi vatn var að finna á stórum svæðum. Þar voru níu tankbílir Alþjóða Rauða krossins á látlausri ferð um borgina til að flytja vatn til 70 þúsund manna daglega. Einnig hefur gríðarlegt magn af einslitrápokum með drykkjarvatni verið flutt inn í borgina. Þá komu starfsmenn Rauða krossins fyrir vatnstönkum við spítalana svo hægt yrði að fylla þá reglulega af vatni.

Sjúkrahúsin lokuð

Skelfileg ringulreið skapaðist í Bagdað eftir að bandaríski herinn náði tókum á borginni. Sjúkrahúsin voru ýmist lokuð vegna skemmda eða vegna þess að hópar manna höfðu farið þar um rænandi og ruplandi öllum tækjum og birgðum. Alþjóðaráð Rauða krossins lagði hart að hernámsveldunum að sinna þeim skyldum sem þeim ber samkvæmt alþjóðalögum við að vernda óbreytta borgara og tryggja þeim meðal annars aðgang að lækniþjónustu og vatni.

Tekið á móti flóttafólki í Jórdaníu

Hundruð útlendinga sem búsett voru í Írak flúðu yfir landamærin til Jórdaníu og fengu þar skjól og aðhlyningu. Þorkell Þorkelsson ljósmyndari er í Jórdaníu á vegum Alþjóða Rauða krossins og tók þar myndir af flóttamönnum.

Nokkrum klukkustundum eftir að átökin hófust komu um 250 Súðanar í flóttamannabúðir Rauða hálfmánans í

Jórdaníu skammt frá írösku landamærunum. Sólarhring síðar voru um 400 í búðunum, einkum Súðanar og Sómalara og seinna bættust við nokkrir hópar Egypta og Eritrea, þar á meðal fjölmörg börn. Flestir flóttamannanna hafa verið við góða heilsu. Margir stoppa stutt og halda til heimalandsins um leið og færi gefst.

Búðirnar í Jórdaníu voru reistar til að taka á móti um 5000 fjöl-

skyldum, með frumstæðri vatnsveitu og skólplögnum en nægum matar- og vatnsbirgðum. Alþjóðasambandið hafði mikinn viðbúnað áður en stríðið hófst og hafði komið miklum birgðum fyrir í Írak og nærliggjandi löndum ef til þess kæmi að fjöldi manna flýði land. Flóttamannabúðir Rauða hálfmánans í Írak, Tyrklandi, Sírylandi og Jórdaníu hefðu getað tekið á móti hátt í 300.000 flóttamönnum.



Alþjóða Rauði krossinn og félag Rauða hálfmánans í grannríkjum Íraks höfðu mikinn viðbúnað fyrir hugsanlega komu flóttafólks. Eini eiginlegi flóttamannastraumurinn varð þegar útlendingar í Írak fóru yfir til Jórdaníu. Þar tók jórdanski Rauði hálfmáninn á móti þeim. Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

Vatche Arslanian, 48 ára gamall kanadískur starfsmaður Alþjóða-Rauða krossins, lést hinn 8. apríl þegar hann og tveir aðrir starfsmenn lentu að óvörum í skotlínu stríðandi fylkinga í orustunni um Bagdað. Arslanian hafði starfað í Írak síðastliðin tvö ár. „Það var djarfleg ákvörðun hjá sex erlendum starfsmönnum að dveljast sjálfviljugir áfram í Bagdað meðan bardagar stóðu sem hæst, og þessi ákvörðun skipti miklu fyrir þúsundir Íraka. Vatche Arslanian var einn af þessum sex,“ sagði Baltahasar Staehelin, svæðisfulltrúi Alþjóðaráðsins fyrir Mið-Austurlönd og Norður-Afríku, í minningu Arslanians.



Skýrsluhöfundar segja hjálparstarf Rauða krossins skilvirkt og gagnsætt.

Áreiðanleikaskýrsla
One World Trust:

Rauði krossinn í 1. sæti

Alþjóðasamband Rauða kross félaga var í efsta sæti í alþjóðlegri könnun One World Trust-stofnunarinnar um áreiðanleika og gagnsæi ýmissa alþjóðasamtaka og fjölþjóðafyrirtækja. Þyngst vó hvort aðildarfélög hefðu áhrif á stjórnun og aðgengi manna að upplýsingum. Í ljós kom að í mörgum tilvikum stjórnðu stofnunum fámennar klíkur en skýrsluhöfundar hrósa Alþjóðasambandinu fyrir að hafa byggt upp kerfi sem kemur í veg fyrir það. Þá þykir til fyrirmyndar að sambandið hefur ávallt til reiðu upplýsingar um verkefni sín og hvernig fjármunum er varið. „Enda skiptir það sköpum fyrir Rauða krossinn,“ segir Didier Cherpitel, framkvæmdastjóri Alþjóðasambandsins, „að vera gagnsær, upplýsa um tölur og verkefni til að byggja upp traust milli sambandsins, stuðningsmanna okkar og hagsmunaaðila.“

Meðal annarra samtaka, stofnana og fyrirtækja sem skoðuð voru má nefna Amnesty International, Oxfam, Alþjóðasamband verkalýðsfélaga, Alþjóða-viðskiptastofnunina, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankann, Nestlé og Shell.

Sextíu prósent fjölgun símtala eftir að Hjálparsími Rauða krossins var opnaður fyrir fullorðna:

1717 – fyrir fólk í vanda

Hjálparsími Rauða krossins hringir um miðja nótt. Í símanum er 16 ára piltur. Hann var staðráðinn í að svipta sig lífi. „En hann var tilbúin til að ræða vanlíðan sína, sem meðal annars stafaði af því að hann er hommi,” segir Edda Hrafnhildur Björnsdóttir, forstöðumaður Rauðakrosshússins. Honum láðist að hringja aftur á mánudeginum, eins og um var samið, en hringdi þegar leið á vikuna. Drengurinn var á lífi. Hver veit nema samtalið í 1717 hafi bjargað honum frá snörinni? Í Hjálparsíma Rauða krossins hringja að jafnaði fimmtán manns á dag. Fólk sem líður illa vegna depurðar, kvíða, þunglyndis, sjálfsvígs-hugsana eða tímabundinna vandamála. Sem þarf að ræða við einhvern sem er ekki ættingi, vinur eða sérfræðingur en vill og getur hlustað og hugsanlega aðstoðað við að eggja tilgang með lífinu eða lausn á vandanum.

Það er rólegt fimmtudagskvöld þegar útsendari Hjálparinnar þrýstir á bjöllu í uppljómuðu og hlýlegu Rauðakrosshúsinu við Tjarnargötu. Úti er bjart og Tjörnir virðist á báðum áttum um hvort hana eigi að leggja. Í stofu sitja Haukur Hauksson starfsmaður og Edda Hrafnhildur forstöðumaður og fylgjast með fréttum; 200 bíla árekstri á Ítalíu, undirbúningi inn-

rásar í Írak og öðrum hamförum í heiminum. Þau hafa þó vara á sér og stökva inn á skrifstofu í hvert sinn sem síminn hringir. Því inni á skrifstofu er enginn venjulegur sími heldur Hjálparsími Rauða krossins.

Kynningarátak skilaði árangri

Hjálparsími Rauða krossins er reyndar nýtt fyrirbæri á gömlum grunn. Í Rauðakrosshúsinu er rekið athvarf fyrir ungmenni og þar hefur verið tekið á móti símtölum frá börnum og unglíngum í vanda allt frá árinu 1987. „En við fengum náttúrulega alls konar símtöl, líka frá fullorðnum sem áttu í erfiðleikum,” segir Haukur. Þá hét þjónustan Trúnaðarsíminn og símtölum frá fullorðnum var að mestu vísað áfram til viðeigandi sérfræðinga. Þegar sú hugmynd kom upp að Trúnaðarsíminn tæki líka við símtölum frá fullorðnum var ákveðið að endurnefna þjónustuna og Hjálparsími Rauða krossins var opnaður fyrir fólk á öllum aldri 19. nóvember í fyrra.

Um svipað leyti hófst kynningarátak með rausnarlegu framlagi Landssímans, sem er aðalstyrktaraðili Hjálparsíma Rauða krossins. Auglýsingar voru settar í dagblöð og skjáauglýsingar í sjónvarpið til að símanúmer Hjálparsímans – 1717 – rataði til þeirra sem á þurftu að halda. Og það hefur sannarlega skilað sér því símtölum fyrstu þrjá mánuðina í Hjálparsíma Rauða krossins fjölgaði um rösklega 60%, miðað við sama tíma í Trúnaðarsímann árið áður.

Læra samtalstækni

En það er ekki fyrir hvern sem er að taka á móti símtali frá ókunnugum manni sem situr jafnvel með pilluglasið fyrir framan sig eða snöruna tilbúna og segist ætla að svipta sig lífi. Eða er miður sín vegna vímuefnanotkunar barna sinna, fjölskylduerja eða hverju því öðru sem hrjáir tilfinningalíf hringjandans. Þess vegna eru allir starfsmenn og sjálfbóðaliðar

sendir á námskeið um geðsjúkdóma, meðvirkni, einelti, samtalstækni og fleira. „Samtalstækni er mikilvæg. Fólk sem er haldið ákveðnum geð-

„Hingað hringir oft fólk sem fær sín lyf og þjónustu í heilbrigðiskerfinu en vantar einhvern að tala við, einhvern sem er á milli þess að vera sérfræðingur og vinur.”

sjúkdómum er afar ýtið en á sjarmerandi hátt og þá þarf að passa að sá sem hringir fari ekki að stýra samtalinu. Samtalið má ekki fara að snúast í hringi heldur þarf einhver vinnsla að fara fram,” segir Edda. „En um leið þarf að sýna viðmælandanum þá virðingu og mildi að hann fari ekki í baklås og hætti að tjá sig. Maður verður að stýra samtalinu á kurteislegan hátt til að fólk átti sig á að það hefur gagn af því að fá spurningar og leiðsögn í stað þess að kvelja sig með sársaukanum.”

Ef sá sem hringir er í sjálfsvígs-hugleiðingum og jafnvel búinn að gera einhverjar ráðstafanir þá er starfsfólki og sjálfbóðaliðum uppálagt að hjálpa hringjanda til að horfast í augu við afleiðingarnar. Spyrja það út í hvaða aðferð það hugsir sér að beita, hver gæti komið að þeim og hvernig viðkomandi muni líða. Símtölin geta tekið á og því

„Hingað hringdi ung kona og var búin að drekka og taka pillur. Hún sagðist halda að hún væri að deyja. Sér líði svo illa, hún væri búin að æla. Konan var mjög þvoglumælt en gaf ekkert til kynna hver hún væri eða hvar hún byggdi,” segir Haukur Hauksson, starfsmaður Rauðakrosshússins. Hugsanlega var Haukur þarna að hlusta á unga konu í andarslitrunum. En í þetta sinn gat hann ekkert gert. Konan missti símtólið, það heyrðist slitröttur andardráttur og svo var lagt á. „Ég fékk aldrei að vita hvernig þetta kláraðist.” Þetta er eitt erfiðasta símtal sem Haukur hefur tekið.

Sumarferð Dvalar á Snæfellsnes

Bjartsýnn hópur lagði af stað frá Dvöl í Kópavogi á leið á Snæfellsnes í júní í fyrra í árlega vorferð gesta og starfsfólks. Þrátt fyrir bænir um blíðviðri og gott skyggni var súldarveður og rigningarspá en það hrein ekki á hópnun.

„Á Vegamótum tóku þeir Skúli Alexandersson og Lúðvík frá Rífi á móti okkur en Skúli tók hópinn undir sinn verndarvæng og leiddi okkur fyrir Nesið. Fyrsti áfangastaður var Ölkelda, þar sem við fengum að smakka á lífselexírnum úr þeim brunni, síðan var haldið að Búðum

og stoppað við Búðakirkju, sem var því miður lokað og læst og lítið hægt að ganga um svæðið vegna bleytu. Þá var keyrt á Arnarstapa og hópnun boðið í ljúffenga hádegismáltíð á Hellnum. Ýmislegt fleira var skoðað eftir hádegðið, meðal annars steinarnir Fullsterkur, Hálfsterkur og Hálfdrættingur á Djúpálónssandi. Skúli er hafsjór af fróðleik um svæðið og sagði bæði þjóðsögur og skýrði örnefni. Á Ingjaldshóli leiddi Skúli okkur að elstu steinsteyptu kirkju í heiminum og fræddi okkur um kirkjuna og staðinn. Það var orðið áliðið dags þegar við keyrðum



heim á Hótel Hellissand og settumst að kvöldverði í boði Rauða kross deildarinnar á staðnum.

Það var þreyttur en ánægður hópur sem lagði af stað heim á leið yfir Fróðárheiði með þakklæti í huga

til Skúla og félaga sem höfðu gert þessa ferð svo eftirminnlega, og eins til Öryrkjabandalagsins sem styrkti okkur til þessarar ferðar.”

Starfsfólk og gestir Dvalar



„Maður verður að stýra samtalinu á kurteislegan hátt til að fólk átti sig á að það hefur gagn af því að fá spurningar og leiðsögn í stað þess að kvelja sig með sársaukanum.“

kemur Salbjörg Bjarnadóttir, verkefnisstjóri landlæknisembættisins í sjálfsvígsvörnum, til fundar við starfsfólk og sjálfboðaliða Rauðakrosshússins eins oft og þurfa þykir til að fara yfir erfiðustu símtölin.

Allt frá reykingum til sjálfsvíga

Erindi þeirra sem hringja í Hjálpar-símamann eru margskonar. Þangað hringja áhyggjufullir foreldrar sem gruna börn sín um reykingar, misnotkun áfengis eða jafnvel fíkniefnanotkun. „En ástæðan fyrir flestum símtölum er einfaldlega vanlíðan, þunglyndi, geðklofi eða geðhvarfasýki. Hingað hringir oft fólk sem fær sín lyf og þjónustu í heilbrigðiskerfinu en vantar einhvern að tala við, einhvern sem er á milli þess að vera sérfræðingur og vinur. Það fær eitthvað frá okkur sem það

Veruleg fjölgun símtala

Á öllu árinu 2002 hringdu 4218 einstaklingar en á tímabilinu 1. janúar – 13. mars 2003 tók Hjálparsími Rauða krossins við 1094 símtölum, þar af 93 frá fólki í sjálfsvígshugleiðingum.

„Ástæðan fyrir flestum símtölum er einfaldlega mikil vanlíðan, þunglyndi, geðklofi eða geðhvarfasýki.“

fær ekki frá sérfræðingunum og ekki hjá ættingjunum sem eru löngu orðnir þreyttir á veikindunum,” segir Haukur. Þá er líka talsvert um að fólk sem af öðrum ástæðum er félagslega einangrað hringi í Hjálpar-símamann.

Haukur og Edda eru bæði ánægð með að Hjálparsíminn skyldi hafa verið opnaður fyrir alla aldrshópa.

„Eftir að Hjálparsíminn hófst höfum við fengið ákaflega þakklát símtöl. Fullorðnu fólki þykir ekki sjálfgefið að einhver gefi sér tíma til að hlusta og það hringir jafnvel aftur daginn eftir til að þakka fyrir,” segir Edda að lokum.

Það er orðið dimmt þegar tíðindamaður Hjálpar kveður. Á þessum tveimur stundum sem mér dvaldist í Rauðakrosshúsinu hringdi enginn illa haldinn á sálinni. Ég opna úti-dyrnar, lít upp í svarbláan himininn og sé að tunglið er vaxandi en fjarri því fullt. Kannski er það hæðin yfir landinu sem veldur því að landsmenn eru sáttir við lífið og tilveruna í kvöld.

Fólk hringir í Hjálparsíma Rauða krossins í skjóli nafnleyndar. Sá sem tekur við símtalinu veit ekki hver er að hringja. Sá trúnaður er eingöngu brotinn ef um líf og dauða er að tefla og viðkomandi gefur skýrt í skyn að hann vilji hjálp.

Þó hefur komið fyrir að starfsmaður metur það svo að rétt sé að grípa inn í. Það gerðist til dæmis eitt sinn þegar maður hringdi ofurólvi og kvaðst vera með haglabýssu sér við hlið. „Hann vildi greinilega láta hjálpa sér, var illa staddur og hafði nokkrum sinnum áður reynt að fremja sjálfsvíg. Þegar samtalinu lauk sá ég að hann hafði gefið svo góðar upplýsingar að það var útilokað annað en að hafa uppi á honum. Hann bjó úti á landi og við hringdum í heilsugæsluna í viðkomandi samfélagi og starfsmaðurinn þar kannaðist við manninn. Málið var leyst með því að lögreglan sótti pabba hans í vinnuna og það hann að afvopna son sinn. Maðurinn hefur örugglega ekki áttað sig á því að það var í tengslum við símtalið,” segir Edda Hrafnhildur. „Hann var svo drukkinn að við vorum hrædd um að hann næði að fyrirfara sér övart áður en hjálp bærst.“

Getur ekki gefið blóð

– tekur Hjálparsímann í staðinn

Marín Þórsdóttir, 25 ára upplýsingafulltrúi í Blóðbankanum, er sjálfboðaliði í Rauðakrosshúsinu. Hún er tiltölulega nýbyrjuð og hefur því ekki tekið við mörgum símtölum í Hjálparsíma Rauða krossins.

– En af hverju bauðstu þig fram sem sjálfboðaliði hér?

Marín fórnar höndum og hlær. „Það er nú það!? Ég vinn í Blóðbankanum og þar vantar okkur auðvitað alltaf sjálfboðaliða í blóðgjöf. Svo gaf Rauði kross Íslands okkur blóðsöfnunarbíl og af því að ég get ekki gefið blóð þá ákvað ég að gera þetta í staðinn!“

Marín kemur á um það bil tveggja vikna fresti í Rauðakrosshúsið og sinnir þar sjálfboðastörfum þrjá tíma í senn.



Akureyringar fögnuðu vel flóttamönnum frá Króatíu

Texti:
Gylfi Kristjánsson

Það er ekki orðum aukið að eftirvænting hafi ríkt á Akureyrarflugvelli þriðjudaginn 25. mars. Þá var að koma til bæjarins hópur tuttugu og fjögurra flóttamanna úr átökunum í gömlu Júgóslavíu, fólk sem hefur lifað árum saman fjarri heimahögunum og þurft að búa við ótrúlega kröpp kjör. Nú var fólkíð loks komið í örugga höfn, en Akureyri verður í framtíðinni heimabær þessara flóttamanna. Á flugvellingnum tók Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á móti flóttafólkinu ásamt öðrum fulltrúum bæjarins, og þar voru einnig fulltrúar Rauða krossins mættir til að bjóða fólkíð velkomíð.

Akureyrarbær varð við beiðni félagsmálaráðuneytisins um að veita þessum hópi flóttafólks viðtöku og hefur Akureyrarbær lagt til sex íbúðir sem verða heimili flóttafólksins fyrsta árið hér á landi. Þetta eru góðar íbúðir sem fulltrúar Rauða krossins og sjálfbóðaliðar á Akureyri hafa sameinast um að útbúa sem best og eru þær orðnar afar notalegar.

Sex fjölskyldur frá Króatíu

Í hópnum eru sex fjölskyldur frá Króatíu og er fólkíð á aldrinum 2–55 ára, 11 börn og 13 fullorðnir. Þetta fólk hefur verið á flótta í 8–12 ár og má segja að þau hafi hvergi verið velkomin í heimalandi sínu. Fólkíð hefur dvalist í flóttamannabúðum við ótrúlega bágar aðstæður og þeir yngstu í hópnum þekkja ekkert annað líf.

Fólkinu var ekið frá flugvellingnum í höfuðstöðvar Rauða krossins á Akureyri þar sem Sigurður Ólafsson, formaður Akureyrardeildar Rauða krossins, bauð það velkomið til bæjarins. Dragana Zastvnikovic túlkaði orð hans og mátti glögggt greina á svipmóti fólksins að það var hrært yfir móttökunum. Meðal annars var bent á að í höfuðstöðvum Rauða krossins á Akureyri hefur verið komið upp fatalager þar sem hinum nýju Akureyringum er heimilt að velja sér fatnað. Ótrúlegt magn af fatnaði hefur safnast á Akureyri síðan



Flóttafólkið snæddi hádegisverð í aðalskrifstofu Rauða krossins í Efstaleiti en flaug á öðrum degi Íslandsdvalarinnar til Akureyrar, þar sem sjálfbóðaliðar Akureyrardeildar Rauða krossins tóku vel á móti því.

ákveðið var að flóttafólkið kæmi til bæjarins.

Byrjuð að læra íslensku

Fyrsta ár flóttafólksins á Íslandi verður það á framfæri ríkisins. Fólkíð hóf strax eftir komuna íslenskunám og það fær einnig samfélagsfræðslu en þessa þætti sjá Menntasmiðjan, skóladeild Akureyrarbæjar og nýbúadeild Oddeyrarskóla um ásamt Giljaskóla, en í þeim skóla hefja börnin í hópnum nám næsta haust. Þá verður fólkinu hjálpað í atvinnuleit þegar tími þykir til kominn að það hefji vinnu.



24 flóttamenn frá Króatíu eru sestir að á Akureyri:

Óhætt að segja að Akureyringar hafi brugðist mjög vel við

– segir Hafsteinn Jakobsson framkvæmdastjóri Akureyrardeildar Rauða krossins

„Starfið hjá okkur hérna á Akureyri fór á fulla ferð skömmu upp úr áramótum þegar það lá fyrir að flóttafólkið kæmi hingað til bæjarins,” segir Hafsteinn Jakobsson, framkvæmdastjóri Akureyrardeildar Rauða kross Íslands, en daglegt vafstur vegna móttöku flóttafólksins á Akureyri mæddi skiljanlega mikið á honum.

Hafsteinn segir að hyggja hafi þurft að mörgu þegar vinnan hófst. „Við auglýstum eftir sjálfboðaliðum, það var farið í að útvega fatnað, við þurftum að standsetja íbúðirnar sex sem flóttafólkið fékk við komuna

hingað og við fórum að leita að stuðningsfjölskyldum til að vera fólkinu til halds og trausts. Það gekk vel að fá sjálfboðaliða til starfa og þeir voru á bilinu 60–70. Næg verkefni voru fyrir alla við margvísleg störf, svo sem við að flokka föt, sauma gardínur, útvega húsgögn og standsetja íbúðirnar svo eitthvað sé nefnt,” segir Hafsteinn.

Hann segir að leitað hafi verið til ýmissa félagsamtaka um aðstoð og allir hafi brugðist vel við. Hann nefnir tvo Zontaklúbba, Zoroptistaklúbb og Kiwanisklúbb, og björgunarsveitina Sútur sem flutti öll húsgögn.

„Þá má ég ekki gleyma starfsfólki og gestum í Laut, sem er athvarf fyrir geðfatlaða, þau sáu um að þvo fatnað og ganga frá honum. Það er alveg óhætt að segja að bæjarbúar á Akureyri hafi brugðist vel við kallinu vegna komu flóttafólksins. Sjálfboðaliðar voru sennilega um 70 talsins, og um 20 stuðningsfjölskyldur voru reiðubúnar og fengu fræðslu áður en flóttafólkið kom. Þá má ekki gleyma stjórnarmönnum Rauða krossins hér á Akureyri og af þessu má sjá að margir lögðu hönd á plóginn svo vel mætti til takast,” segir Hafsteinn.



Hafsteinn Jakobsson: „Margir lögðu hönd á plóginn svo vel mætti til takast.”

Fólkið grét og faðmaðist í nýju íbúðinni



Kotaras-fjölskyldan nýkomin í íbúð sína í Snægili, þeytt en ólýsanlega glöð.

Það var nær ólýsanlegt að fylgjast með því þegar ein fjölskyldnanna sex kom í íbúð sína í Snægili á Akureyri. Kotaras-fjölskyldan fékk þar úthlutað nær nýrri glæsilegri íbúð í litlu fjölbýlishúsi og það mátti finna eftirvæntinguna í loftinu þegar fólkið tók við lyklinum að íbúðinni og opnaði útidyrnar.

Fólkið gekk inn, hjónin Djuro og

Dusanka ásamt dætrunum Soranu og Jovanu, og Rauða kross fólkið á eftir. Skemmst er frá því að segja að þegar inn var komið brast flóttafólkið í grát, þau féllust í faðma og föðmuðu líka að sér starfsfólk Rauða krossins. Stundin og tilfinningarnar fengu útrás í djúpri gleði.

Það er erfitt að setja sig í spor þessa fólks sem búið er að þurfa að

þola áratugarlangan flótta eftir að hafa verið hrakið frá heimili sínu og öllu sem það átti. Það hefur þurft að búa við aðstæður sem eru öllum almenningi hér nær óskiljanlegar, fyrir utan svo það að vera hvergi velkomið.

En í Snægili á Akureyri gekk Kotaras-fjölskyldan inn í glæsilega íbúð sem verður heimili hennar

næsta árið og ef til vill lengur. Íbúðin var störglæsilega útbúin, matur í ísskáp, uppþúin rúm og allt einstaklega fallega gert. Sú sjón sem mætti flóttafólkinu í íbúðinni bar svo sannarlega vitni fráþæru starfi sem unnið hefur verið á Akureyri við að undirbúa komu þess.

Bjartsýni aftur komin í líf okkar

– segja Svetozar Paic og Borka Paic flóttamenn frá Júgóslavíu eftir mánaðardvöl á Akureyri



Paic fjölskyldan kann vel við sig á Akureyri og kann stuðningsfjölskyldunum bestu þakkir fyrir aðstoð við aðlögunina.

Í Keilusiðu 3 á Akureyri búa hjónin Svetozar og Borka Paic ásamt dætrum sínum tveimur, þeim Nokulinu og Tinu. Fjölskyldan er hluti af hópi flóttafólks sem kom frá Júgóslavíu til Akureyrar nú á vormánuðum og okkur þótti tilhlýðilegt að líta við hjá þeim og forvitnast um hvernig gengi. Með okkur í för var túlkur, enda flóttafólkið rétt nýbyrjað í íslenskunámi.

Það þurfti þó ekki túlk til að svara fyrstu spurningunni en hún var um það hvernig gengi svona yfirleitt að fóta sig í nýja heimabænum. „Gengur vel,” svaraði Svetozar á íslensku.

„Fólk hefur tekið okkur mjög vel og nú erum við öll nýbyrjuð í námi þar sem viðfangsefnið er að læra íslensku og samfélagsfræði,” bætir hann við.

Svetozar segir að það hafi verið mikil breyting á lífi þeirra að koma til Akureyrar. „Móttökurnar hérna á Akureyri voru mjög góðar og allt gekk vel. Viðbrigðin við að koma úr flóttamannabúðum hingað í frelsið eru mikil og eftir því sem við aðlögunumst betur á þetta eftir að ganga enn betur.”

Fjölskyldan hefur orð á því að loftslagið hérna sé gott. Þá tala þau um að viðmót fólks sé mjög gott, og til dæmis sýni afgreiðslufólk í verslunum þeim mikla þolinmæði þegar

þau eru að reyna að tjá sig þar. Og þau segja að stuðningsfjölskyldur þeirra séu ómetanlegar og spili stórt hlutverk í lífi þeirra.

En hvað skyldi hafa komið þeim mest á óvart hér á landi? „Það er hversu vel fólk hérna býr og hvað fólk hefur það gott. Okkur finnst nokkuð kalt hér í byrjun maí, en þá er yfir 30 stiga hiti þar sem við bjuggum. Þá kemur á óvart að það skuli vera bjart langt fram á kvöld,” segir Svetozar og hann veit að daginn á enn eftir að lengja.

Dæturnar Nikolína og Tína segjast hafa eignast vini á Akureyri og að allt gangi mjög vel. Sú eldri talar nokkra ensku og segir það hafa hjálpað sér til að hafa samskipti við

unglinga á sínum aldri. Þeim líður greinilega vel í nýjum heimabæ.

Svetozar er lærður bifvélavirki með rafmagn sem sérgreini, og hann reiknar með og vonast eftir að komast í vinnu áður en langt um líður. Gert er ráð fyrir að flóttafólkið geti farið að fara út á vinnumarkaðinn þremur mánuðum eftir komuna hingað til lands.

„Við erum bjartsýn á framtíðina og ánægð með lífið í dag. Við vorum búin að gleyma því eftir langa dvöl í flóttamannabúðum hvað bjartsýni var en hún er komin aftur inn í líf okkar,” sagði Svetozar að lokum.

Allir í þessu af lífi og sál

– segir Böðvar Jónsson sjálfboðaliði á Akureyri



Böðvar Jónsson og Þórdís Björg Valdímarsdóttir sjálfboðaliðar á Akureyri.

„Ég brást við þegar auglýst var eftir sjálfboðaliðum hér á Akureyri vegna komu flóttamanna hingað. Maður hefur auðvitað heyrt og lesið um þessi flóttamannavandamál víða um heim og þegar tækifærið kom að geta látið gott af sér leiða sló ég til,” segir Böðvar Jónsson á Akureyri, en hann var í fjölmennum hópi sjálfboðaliða vegna komu flóttamanna þangað á dögnum.

Böðvar segist hafa verið í „flutningadeild” sjálfboðaliðanna, en hún hafði eins og nafnið gefur til kynna það verkefni með höndum að sjá um

að flytja ýmsa hluti, meðal annars öllum húsgögn í íbúðirnar sex sem flóttamennirnir fengu við komuna til bæjarins. „Þetta hefur gengið mjög vel, það hafa allir verið í þessu af lífi og sál og það hefur verið sérlega skemmtilegt að vinna í þessu með Rauða kross fólkinu. Það er gefandi að taka þátt í starfi eins og þessu og það hefur líka verið afskaplega skemmtilegt að sjá hvað fólk hér í bænum hefur verið duglegt við að koma með ýmsa hluti sem vantaði í íbúðir flóttafólksins,” sagði Böðvar.

Ánægjulegt að gera gagn

– segir Þórdís Björg Valdímarsdóttir sjálfboðaliði

„Ég sá auglýsingu frá Rauða krossinum um að það vantaði sjálfboðaliða vegna komu flóttamanna hingað til Akureyrar og þar sem ég hafði nægan tíma aflögu ákvað ég að vera með,” segir Þórdís Björg Valdímarsdóttir sjálfboðaliði á Akureyri.

Þórdís segist hafa komið til starfa tvisvar í viku, í upphafi hafi hún unnið við að flokka skó en síðan hafi önnur störf tekið við, svo sem að flokka föt. „Annars hafa menn skipt líði, sumir unnu við að flytja húsgögn, aðrir við ýmsa flokkun, en ég hef upp á síðkastið verið í „gárdínudeildinni”. Ég hef fengið mikla ánægju út úr þessu og það er ánægjulegt að geta gert gagn,” sagði Þórdís Björg.



Pór Danielsson, sendifulltrúi í Tansaníu, með skólabornum á Kurasini-munaðarleysingjahælinu sem fengu námsbækur. Bækurnar voru keyptar fyrir tombólupeninga frá íslenskum jafnöldrum þeirra.



Fötluðu börnin í Mtoni-skólanum voru alsæl með hjólin sem þau fengu.

Tombólupeningar til Tansaníu

Hátt í 500 börn fundu það upp hjá sjálfum sér að halda tombólur á síðasta ári og komu síðan færandi hendi til Rauða kross Íslands. Tombólupeningarnir voru sendir til Tansaníu hið snarasta þar sem þeir koma jafnöldrum barnanna til góða. Nærri hálf milljón króna safnaðist á tombólunum á síðasta ári.

Það er ekki óalgeng sjón við stórmarkaði og verslanir landsins að sjá þolinmóð börn, á aldrinum 6–10 ára, standa fyrir aftan pappakassa sem á liggur alls kyns glingur og þarfabing. Mörg þessara barna gefa ágóðann af tombólunni sinni til Rauða kross Íslands og á síðasta ári safnaðist hvorki meira né minna en hálf milljón króna. Við þessa hálfu milljón bættist síðan 250.000 króna framlag frá Leikskólum Reykjavíkur.

Boltar og blýantar

Ákveðið var að verja tombólupeningunum til að styðja fjögur mikilvæg verkefni sem kosta þó hvert ekki mikla peninga. Þór Danielsson, sendifulltrúi í Tansaníu, sendi lista yfir ýmslegt sem hann taldi brýnt að styrkja og þegar búið var að telja peningana sáu menn að hægt yrði að styðja allar tillögur hans:

1. Skóli fyrir fötluð börnin á vegum Hjálpræðishersins í Tansaníu – keyptar voru 50 dýnur fyrir börnin sem eru í dagvist eða jafnvel allan sólarhringinn í skólanum. Einnig voru smíðuð þrjú handdrifin þríhjul handa þeim sem eru lamaðir fyrir neðan mitti. Skortur var á leikföngum og því voru keyptar dúkkur, boltar og fleira.

Einnig voru keyptar námsbækur, stílabækur, blýantar og pennar.

2. Kurasini-munaðarleysingjahælið – afhentar voru námsbækur fyrir 47 krakka sem búa á hælinu, og líka skóren nýlega voru sett lög í Tansaníu sem bönnuðu krökkum að ganga í gúmmískóm við skólubúninginn og því hefur stór hluti barnanna ekki getað sótt skóla eftir jólafrí. Einnig voru keyptar 30 dýnur, fimm reiðhjól og leikföng fyrir yngstu börnin.

3. Mtoni-skólinn fyrir geðfötluð börn – keyptar voru dýnur klæddar sérstöku plasti svo þær entust betur. Nemendur í Saumaskólanum saumuðu utan um dýurnar. Keyptar voru tvær saumavélar sem nota á við kennslu, og að auki smíðaðir skápar og sett upp leiktæki á lóðina. Gert var við

matsalinn og í mótuneytið var keypt lítil gaseldavél, pottar og pönnur.

4. Rauða kross deildin í Dar Es Salaam – keypt var fyrsta tölva deildarinnar svo nú er hægt að halda utan um sjálfbóðastarf deildarinnar án þess að þurfa að treysta á aðgang að tölum annarra. Þá voru keyptar 9 saumavélar, bæði fótstignar og rafknúnar, en ungar konur geta lært að sauma hjá deildinni og fengið síðan að nota vélarnar til að drýgja tekjur sínar. Einkennisbúningar voru keyptir fyrir Skyndihjálparhópin en slíkir hópar eru um gjörvalla Tansaníu og fengu meðal annars mikið hrós fyrir frammi-stöðu sína þegar sendiráð Bandaríkjanna í Dar es Salaam var sprengt árið 1998. Þá björguðu liðsmenn Skyndihjálparhópsins mörgum mannlífum.

Tombólubörnin í bíó

Til að sýna tombólubörnunum þakk-læti fyrir framlagið var ákveðið að bjóða öllum hópnum í Laugarásbíó. Þetta var í desember og fengu öll börnin þá afhent viðurkenningskjöl. Þau fengu að vita hvað gert yrði fyrir peningana og til að kóróna herlegheitin bauð Laugarásbíó öllum hópn-um að horfa á teiknimynd. „Þetta er í fjórða sinn sem við höldum svona samkomu og ég hugsa að hún, og aukin fræðsla um Rauða krossinn í skólum, sé liður í því að börnunum hefur fjölgað og peningaframlag þeirra hefur snarvaxið,” sagði Anna Bryndís Hendriksdóttir, deildarstjóri Afríkumála.

Stanslaust rennir í L12:

Salan fjórfaldaðist á Laugaveginum

„Salan í fatabúð Rauða krossins fjór- til fimmfaldaðist eftir að við fluttum af Hverfisgötunni á Laugavegin,” segir Örn Ragnarsson, formaður fataverkefnis höfuðborgarsvæðisins. Fjölmargir íbúar Mongólíu njóta góðs af, því allur hagnaður af fatasölnunni í fyrra, 4,5 milljónir króna, runnu í neyðaraðstoð við Mongóla sem hafa mátt þola langvarandi þurrka og harðindi.

„Það er stanslaust rennirí hingað í búðina,” sögðu sjálfbóðaliðarnir Birna Jónsdóttir og Guðlaug Bjarnadóttir glaðbeittar þegar Hjálpin heimsótti þær einn föstudagseftirmiddag í L12 á Laugaveginum. Úti var hlýtt en dumbungur og Laugavegurinn íðaði af foreldrum á röltinu með barnavagna, fólki að skoða í verslanir og unglingum á þeytingi. „Hingað kemur fólk á öllum



aldrí, þó minna af körlum en konum,” bættu þær við og kváðu mennskælinga versla mikið í L12 og kaupa ekki síst gamla kjóla. Þær Birna og Guðlaug hafa unnið mikið í búðinni og segja báðar að sjálfbóðavinnan hafi bókstaflega bjargað lífi þeirra. Eiginmaður Guðlaugar lést fyrir nokkru og

Birna hefur átt í ýmsum erfiðleikum en sjálfbóðavinnan í L12 hefur veitt þeim lífsfyllingu og vináttu. „Samvinna okkar hér hefur þróast í góðan vinskap,” segir Birna og Guðlaug bætir við: „Það er sko sannarlega gert með glöðu geði að vinna hér í L12.”

Hagnaður af fatasöfnun hlýst bæði af fatasölnunni í L12 og sölu fatnaðar til fyrirtækis í Hollandi sem flokkar hann og selur svo áfram. Árið 2002 söfnuðust alls 600 tonn af fatnaði á höfuðborgarsvæðinu.

30 ára afmæli Noregsferðanna miklu fagnað:

400 „Vestmannaeyjabörn“ mættu

Um 1000 börn úr Vestmannaeyjum fóru á vegum Rauða krossins til sumarvalar í Noregi árið 1973, fá einum mánuðum eftir gosið í Heimaey. Rauði kross Íslands og Icelandair héldu sameiginlega teiti í vor til að fagna 30 ára afmæli þessarar umfangsmiklu aðstoðar við hin ungu fórnarlömb hamfaranna í Eyjum. Menn bjuggust við um 100 manns í teitið en á endanum mættu 400 manns!

Morgunin sem byrjaði að gjósa í Eyjum safnaðist nokkur hópur manna á skrifstofu Loftleiða í Noregi og biðu fregna að heiman. Þar kom upp sú hugmynd að standa fyrir peningasöfnun til að aðstoða Eyjamenn og var henni hrundið í framkvæmd. Ekki löngu síðar reifaði Ólöf Bjarnadóttir sendiherrafrú þá hugmynd hvort ekki væri rétt að gera eitthvað fyrir börnin í Eyjum. „Hans Høegh, frammámaður í Norska Rauða krossinum á þeim tíma, greip þessa hugmynd á lofti og kvaðst geta lánað búðir sem ungliðahreyfing norska Rauða krossins átti,“ segir Ólafur Friðfinnsson, þáverandi sölustjóri Loftleiða í Noregi. Ólafur var formaður Íslendingafélagsins sem átti og á enn skemmtilegt húsnæði við Norefjell, 100 km frá Ósló, og var það einnig lánað undir sumarþúðirnar.

Þeir Hans og Ólafur voru fengnir til að skipuleggja sumarþúðirnar. Reiknað var út að Eyjabörn á aldrinum 8–13 ára ættu að vera um 200 og fjáröflunin miðaðist við þá tölu. Um páska voru hins vegar komnar um 850 umsóknir. Nú voru góð ráð dýr. „Við sáum að þessir tveir staðir mundu ekki duga og því var ákveðið að fá norskar fjölskyldur til að taka börn í 14 daga fóstur. Við sáum að þetta yrði mjög dýrt og fórum í sérsöfnun. Við byrjuðum á að senda öllum kaupskipum Noregs skeyti og báðum áhafnirnar um að fjármagna fósturbarnadvölina. Síðan sendum við skeyti heim til allra formanna bæjarráða í Noregi. Skeytin voru send á fóstudagskvöldi svo þau lægju heima



Skemmtilegar minningar voru rifjaðar upp úr Noregsdvölinni á fjörugum fundi á Hótel Loftleiðum í boði Icelandair.

hjá fjölskyldum þeirra um helgina. Þannig að þeir neyddust til að segja já við okkur! Þessi söfnun gekk svo vel að við vorum komnir með peningana í hendur, tæpar tvær milljónir norskar, þremur vikum seinna.”

Svo fór að alls komu um 1000

börn til Noregs sumarið 1973. Um 300 þeirra dvöldust í sumarþúðum norska Rauða krossins og húsi Íslendingafélagsins, en hin gistu hjá norskum fjölskyldum. „Fólk sóttist mjög eftir því að taka börn í fóstur. Við vorum óskaplega heppin með veður

þetta sumar í Noregi og þetta gekk bara eins og í lygasögu. Það voru allir ánægðir og mikil tengsl sköpuðust milli barnanna og sumra fjölskyldanna, og hafa í þó nokkrum tilvikum haldist alveg fram á þennan dag.”

„Stórkostleg upplifun“

Arnfríður Einarsdóttir lögfræðingur var 12 ára árið 1973 og flúði ásamt foreldrum sínum og bróður til Þorlákshafnar með báti. Næstu mánuðina bjó fjölskyldan inni á ættingjum í Reykjavík, leigði síðan húsnæði hér og þar en keypti á endanum Viðlagasjóðshús í Hafnarfirði þegar tókst að selja húsið þeirra í Eyjum. „Þetta kom auðvitað allt öðruvísi við mig en fullorðna fólk. Sem barn tók maður hverju sem á dundi og var ekkert að velta sér upp úr þessu. Maður var bara fúll yfir því að missa af vinum sínum.”

Þabbi Arnfríðar greindist með krabbamein skömmu fyrir gos og því voru erfiðleikar fjölskyldunnar enn meiri en ella. Þegar óskað var eftir tveimur börnum til

Noregs til að kynna þar fjáröflunarátak var Arnfríður send ásamt bekkjarbróður sínum, Vilhjálmi, „sem eins konar sýniseintök af Vestmannaeyjabörnum. Við fengum móttökur eins og þjóðhöfðingjar. Seinna um sumarið fór ég svo í mitt sumarfrí. Við fórum þrjár stelpur í lítinn bæ, Þorsgrund, og gistum hver hjá sinni fjölskyldunni sem áttu dætur á okkar aldri. Þetta var stórkostleg upplifun. Við fórum meðal annars á bátum út í litlar eyjar þar sem þær áttu sumarhús. Mér finnst þetta afar stórhjartað af Norðmönnum. Það er eitt að gefa peninga en annað að gefa tíma sinn og vináttu til ókunnugra krakka. Síðan hefur varla mátt orðinu halla um Norðmenn í mín eyru!”

Þurfum að hrífa fleiri til liðs við okkur!

Kópavogsdeild Rauða kross Íslands stendur á tímamótum og segja má að hugarfarsbreyting hafi orðið innan deildarinnar. Undir forystu nýs formanns, Garðars Guðjónssonar, hyggst þessi næststærsta deild félagsins fjölga sjálfbóðaliðum og stofna til nýrra verkefna, meðal annars í heimsóknþjónustu. Það var hugur í formanninum þegar Hjálpin tók hann tali í nýju húsnæði deildarinnar í hjarta Kópavogs.

Helstu verkefni Kópavogsdeildar hafa lengst af verið uppbygging og sjálfbóðastarf í Sunnuhlíð og rekstur Dvalar, athvarfs fyrir geðfatlaða. Þangað til á síðasta ári var eina afdrepp deildarinnar lítil skrifstofa inni á hjúkrunarheimilinu. Úr því var bætt í fyrra og nú hefur deildin áform um að laða að sér nýja sjálfbóðaliða, veita þeim nauðsynlega þjálfun og fá þeim verðug verkefni.

Sýnileg í nýrri aðstöðu í Hamraborg

„Mönnum fannst orðið tímabært að breyta til og það var þörf á vissri hugarfarsbreytingu,” segir Garðar. „Við vildum gera deildina sýnilegri sem afl í samfélaginu og aðgengilegri fyrir þá sem hugsanlega vilja starfa með okkur og fyrir þá sem þurfa á aðstoð okkar að halda. Aðstaðan í Sunnuhlíð var hálfgerð feluadstaða gagnvart mannlifinu í bænum. Fyrsta skrefið var því að finna húsnæði og auka starfshlutfall starfsmanns,” segir Garðar en húsnæðið fannst fljótlega og nú stýrir nýr starfsmaður, Fanney Karlsdóttir, rekstri sjálfbóðamiðstöðvar í 50% starfi.

Jafnframt hófst stjórnin handa við gerð staðbundinnar könnunar á þörfum samfélagsins. Þótt þeirri vinnu sé ekki endanlega lokið segir Garðar einsýnt að þörf sé fyrir miklu meira sjálfbóðið starf í Kópavogi. „Það er alveg sama við hvern við tölum innan velferðarkerfisins í bænum, menn eru sammála um að hér sé töluverður hópur af fólki sem býr við einangrun, meðal annars geðfatlaðir, fatlaðir, langveikir og aldraðir. Það virðist ekki vera á færi opinberra aðila að rjúfa þessa ein-



Fanney Karlsdóttir, starfsmaður Kópavogsdeildar, og Garðar Guðjónsson, formaður deildarinnar, í nýja húsnæðinu í Hamraborginni.

angrun og því gæti það komið í okkar hlut.“

Fjölga sjálfbóðaliða

Hátt í 70 sjálfbóðaliðar eru að jafnaði virkir í starfsemi deildarinnar og eru það sjúkravinir í Sunnuhlíð, sjálfbóðaliðar í Dvöl og í stjörn og nefndum á vegum deildarinnar. Eigi að standa fyrir aukinni heimsóknþjónustu til að rjúfa einangrun fólks þarf auðvitað að fjölga sjálfbóðaliðum. „Ef það ríkir rétt andrúmsloft í

Kópavogsdeild var stofnuð 12. maí 1958 og á því 45 ára afmæli nú í vor. Starfsemin lognaðist nánast út af á tímabili en deildin var svo endurreist árið 1978 þegar hreyfing vaknaði upp í bænum um að reisa hjúkrunarheimili í Kópavogi. Kópavogsdeildin var í forystu ýmissa félagasamtaka sem drifu byggingu Sunnuhlíðar áfram og hún var svo tekin í notkun árið 1982. Í kjölfarið varð til hópur sjúkravina sem síðan hefur verið kjarninn í sjálfbóðnu starfi deildarinnar. Sumir sjúkravinirnir, sem eru allir konur, hafa verið með frá upphafi og eru elstu sjálfbóðaliðarnir komnir á níraðisaldur! Á annað þúsund Kópavogsbúa eru skráðir félagar í deildinni.

kringum svona deild þá held ég að það eigi ekki að vera vandamál. Rauði krossinn er svo ákjósanlegur vettvangur fyrir fólk sem vill koma góðu til leiðar. Í fyrsta lagi sýnir reynslan að við réttar aðstæður er fólk tilbúið til að vinna sjálfbóðið starf fyrir Rauða krossinn. Í öðru lagi hefur svona deild fjárhagslegt afl til að koma ákveðnum hlutum í verk. Þriðja aflu er það traust sem

samfélagið ber til okkar. Þetta eru þau verðmæti sem við höfum og okkar hlutverk er að virkja þau í verðmæti fyrir samfélagið allt.“

Mikil gróska í námskeiðum

Dagskrá vorsins var þéttskipuð námskeiðum og síðan nýja húsnæðið var tekið í notkun hafa yfir 200 manns setið þar námskeið. „Það er eins og það hafi brostið ákveðin stífla. Við höfum gert átak í því að bjóða sjálfbóðaliðum og almenningi margvísleg námskeið og nýtingin á þessu húsnæði hefur verið gríðarlega mikil,” segir Garðar.

Allt er þetta liður í að kynna deildina fyrir Kópavogsbúum og gera hana sýnilegri. En við búum í samfélagi áreitanna og því vill Garðar stórefla kynningarstarf deilda. „Mér hafa lengi fundist deildir óþarflega ragar við að kynna starf sitt. Menn geta ekki búist við að 1–2 manneskjur á landsskrifstofunni annist öll kynningarmál félagsins. Deildir þurfa sjálfar að sinna kynningarstarfi gagnvart almenningi, sjálfbóðaliðum og ýmsum hagsmunaaðilum þegar við á,” segir Garðar.

Námsaðstoð við nýbúa

Nýliðun í hópi sjálfbóðaliða er nauðsynleg en ekkert formlegt ungmenntastarf hefur þó verið hjá deildinni. „En við erum auðvitað að sinna margvíslegu ungmenntastarfi, til



Garðar heimsótti vinadeild Kópavogsdeildar í bænum Girokastra í Albaníu í fyrrasumar og skoðaði þar meðal annars sjúkrahús þar sem þessir drengir höfðu dvalist um tíma vegna öldusóttar.

Geysilega blómlegt námskeiðahald hefur farið fram í húsnæði deildarinnar á undanförunum mánuðum. Hér eru nemendur úr Fjölsmiðjunni á námskeiði í skyndihjálpi boði deildarinnar.

dæmis með þátttöku í forvarnaverkefnum og stuðningi við Fjölsmiðjuna. Við höfum líka stutt starfsemina í Hvammshúsi sem er hluti af skólakerfinu hér í Kópavogi, en þar er hópur krakka úr 8.–10. bekk sem rekast ekki í hefðbundnu skólastarfi. Svo kennum við öllum sjöundu- og tíundu-bekkingum skyndihjálpi og sínum Rauða kross fræðslu í 8. og 9. bekk.“

Ýmsar hugmyndir eru á lofti um hvernig megi virkja ungt fólk í starfi deildarinnar, meðal annars með því að fá íslensk ungmenni til að aðstoða nýbúa við heimanám, sem mundi þá um leið stuðla að félagslegum tengslum.

Vel starfandi deild

Með góðri aðstöðu, auknu kynningarstarfi, stefnumótun og starfsmanni í hálfri stöðu er búið að skapa nýja umgjörð fyrir deildina, segir Garðar. „Það er afskaplega góður andi í deildinni. Við erum að skapa forsendurnar og byrjum vonandi að sjá árangurinn af þessari stefnubreytingu nú í ár. Við setjum okkur það markmið að vera vel starfandi deild innan Rauða kross Íslands og liður í því er að tryggja nýliðun í sjálfbóðaliðahópnum. Og ég er sannfærður um að við erum þess megnug að hrifa fólk með okkur!“

Sjálfbóðamiðstöð Kópavogsdeildar á Hamraborg 11, 2. hæð, er opin alla virka daga klukkan 12–14.

Netfangið er:

kopavogur@redcross.is

Úttekt á starfsemi Vinjar í tilefni af 10 ára afmæli athvarfsins:

Vin fær 9,0 í einkunn – hjá gestum

Það er hin „ástúðlega frekja og elskulegi yfirgangur“ starfsfólksins sem skiptir sköpum í heimilislegu andrúmslofti Vinjar, að mati Jóns Björnssonar sálfræðings, og valda því að gagnkvæmt traust og virðing ríkir í athvarfinu. Gestir Vinjar gáfu starfsfólki og aðstöðunni glæsilega einkunn í úttekt Jóns – hvorki meira né minna en 9 af 10 mögulegum! Þó má sitt-hvað bæta, og segir það nokkuð um kraftinn í starfsfólki hússins að þegar er búið að mæta sumum þeim óskum sem fram komu í viðhorfskönnun gestanna. Við skoðuðum skýrsluna og ræddum við eina af hinum „ástúðlegu frekju-um“, Guðbjörgu Sveinsdóttur forstöðukonu.

Hinn dæmigerði fastagestur í Vin er á miðjum aldri, hefur áratugalanga geðsjúkdómasögu og litlar vonir um að ná fullum bata. „Flestir sem koma

hingað eru þó búnir að setta sig við að vera veikir á geði og eru því farnir að vinna markvisst að því að bæta sér upp rofin tengsl við annað fólk og brostnar vonir,“ segir Guðbjörg. Enda er það ekki markmið Vinjar að endurhæfa fólk og í því felst sérstaða hússins – það er athvarf en ekki stofnun.

Straumhvörf í lífi sumra

Úttektin fór þannig fram að Jón tók viðtöl við 22 gesti af 36 sem heim-sóttu Vin á þremur dögum í janúar 2003. Þá ræddi hann við ýmislegt fólk sem annast stoðþjónustu við geðfatlaða. Nokkrir af gestunum höfðu verið á geðdeild eða í verndaðri búsetu lengst af sinni fullorðinsævi. Prettán bjuggu einir og fimm með óskyldum eða á sambýli. Aðeins fjórir bjuggu með maka eða fjölskyldu.

Tilgangur úttektarinnar var að

• hvort starfsemi Vinjar væri í samræmi við þau markmið sem sett voru í upphafi

Eitt helsta markmiðið með stofnun Vinjar var að draga úr félagslegri einangrun geðfatlaðra, fækka endurinnlögnum á geðdeildir og skapa umhverfi þar sem ríkti gagnkvæmt traust og virðing milli gesta og starfsfólks. Níu af 22 sögðu Vin vera þann geðheilbrigðisstað þar sem þeir hefðu fengið mesta hjálp. Sumir tóku svo sterkt til orða að Vin hefði valdið straumhvörfum við að bjarga lífi þeirra. Því má ljóst vera að tekist hefur að draga úr félagslegri einangrun þessa hóps.

Hvort endurinnlögnum hefur fækkað er erfitt að meta en margir gestanna og samstarfsaðilar Vinjar fullyrða að svo sé.

Ekki fer á milli mála að tekist hefur að skapa gott andrúmsloft. Jón segir í skýrslunni að Vin reyni að feta þröngan stíg milli heilbrigðisstofnunar og heimilis. Ef þar væri

lögð megináhersla á endurhæfingu, það sem gestir kalla stundum þreytulegir á svip „þrógrömm“ getur hæglega glatast hlýjan, heimilisbragurinn og þvingunarleysið sem margir gestanna prisa og finnst mesta ágæti staðarins. Jóni finnst takast vel að þræða þennan milli-veg.

• hvort eitthvað hefði breyst í starfsumhverfi Vinjar sem kallaði á endurskoðun þar

Þegar Vin tók til starfa árið 1993 var þessum hópi lítið sinnt utan geðdeilda og margir lögðust inn aftur og aftur. Síðan hefur mikið breyst og nú er meiri stuðningur

Staðreyndir um Vin

Staður: 250 m² fallett, gamalt hús á Hverfisgötu 47.

Eigandi: Reykjavíkurborg á húsið og lætur það Rauða krossi Íslands í té endurgjaldslaust á meðan þar er rekið athvarf fyrir geðfatlaða.

Útgjöld: Kostnaður við rekstur Vinjar var 17,4 milljónir árið 2002.

Opnunartími: kl. 9.30–16 og til kl. 20 á fimmtudögum yfir háveturinn.

Auk þess sér sjálfbóðaliðahópur Vinjar um að hafa opið á sunnudögum yfir veturinn frá kl. 14–17.

Hvað eiga gestir Vinjar sameiginlegt, að mati gesta?

Einsemd, einangrun, sundruð heimili, knappan fjárhag og margir hafa búið við örðug uppvaxtarskilyrði. Langflestir fastagesta hafa legið inni á geðdeild, um helmingur fimm sinnum eða oftar.

Þriðjungur íbúa Eritreu sveltur

Jafnvel þegar best lætur býr mikill meirihluti Eritreumanna nærri hungurmörku en fólk er reynir að bjarga sér með því að snapa vinnu eða selja eldivið til að afla matar. Nú er hins vegar svo komið að um það bil 1,4 milljónir manna þurfa á neyðarhjálp að halda vegna mikilla þurrka sem herjað hafa á Austur-Afríku á þessu ári.

Þurrkarnir eru hinir verstu síðan landið fékk sjálfstæði árið 1993. Nánast ekkert hefur rignt frá því í október 2001. Drykkjarvatn er af skornum skammti og kornframleiðsla dugar aðeins fyrir um 15% af matvælaþörf landsins. Verðlag er himinhátt og nú þegar eru farin að sjást merki um blóðleysi og vannæringu, einkum meðal barna.

Alþjóðasamband Rauða krossins hefur sent út alþjóðlega hjálparbeiðni um átta milljónir svissneskra franka til neyðaraðstoðar í Eritreu. Fyrir féð hyggst Rauði kross Eritreu dreifa matvælum og sjá 41.500



Einn af hverjum þremur íbúa Eritreu þarf á neyðarmatvælaaðstoð að halda.

manns fyrir lækniástoð, vatni og aðstoð í hreinlætismálum í níu mánuði.

Eritrea er nú rétt að ná sér eftir meira en 30 ára átök við nágrannaríkið Eþíópíu. Þar er veikburða iðnaður og landbúnaður, léleg heilsugæsla og menntakerfi og félagslega kerfið er í molum.



„Það segir sig sjálf að fólkíð sem var rætt við, og kemur hingað oft, er mjög ánægt. Niðurstæða úttektarinnar er náttúrliga ákaflega jákvæð í heildina en það hefði líka verið afar duldarfullt ef það hefði ekki mátt bæta eitthvað.“

utan deildanna. Jón telur aukna þjónustu ekki kalla á veigamiklar breytingar á starfsemi Vinjar. Fjöl-breytnin sé af hinu góða og þjón-usta annarra staða skarist lítið við starfsemi Vinjar.

● hvort eitthvað mætti betur fara og þá hvað

Flestir sem Jón ræddi við voru fastagestir. Jón veltir því upp í skýrslunni hvernig standi á því að margir hafi hratt á hæli og nýti sér

ekki þjónustu Vinjar nema að litlu leyti. Þá bendir hann á að fjölmargir geðfatlaðir komi aldrei í Vin. Hann spyr hvort taka þurfi enn betur á móti nýjum gestum og hvort hægt sé að gera fleira til að nýir gestir nái að festa rætur í Vin. Að sögn Guðbjargar er verið að athuga þetta. Til dæmis er ætlunin að kynna starfsemi Vinjar enn betur inni á geð-deildum og heilsugæslustöðvum.

Þá benti Jón á að dagskrá Vinjar

snerist að miklu leyti um hádegis-verðinn og því kæmu fáir gestir á morgnana. Þeir hópuðust inn í hádeginu en fækkaði svo snarlega síðdegis. Starfsfólk hefur þegar brugðist við þessu. „Við erum búin að bæta við teikningu, slökun, skrautskrift, leshring og skipuleggja betur tímstundastarfið. En þetta má ekki verða á kostnað þessa heimilislega andrúmslofts,“ sagði Guðbjörg að lokum.

Gestur Vinjar fór með starfsmönnum á ráðstefnu í Stokkhólmi um áhrif sjúklinga á geðheilbrigðiskerfið:

Sjúklingar eru líka fólk

Sjúklingar og aðstandendur vilja hafa áhrif á menntun heilbrigðisstarfsfólks, starfsemi spítala og rannsóknir á heilbrigðisviði. Þetta var meginniðurstaðan á ráðstefnu sem haldin var í byrjun árs í Stokkhólmi. Þrjár útsendarar Vinjar mættu á ráðstefnuna, þar á meðal Ása Hildur Guðjónsdóttir sem þjáðst hefur af þunglyndi og kvíðaröskun í kjölfar bílslyss.

Öflug hreyfing starfsfólks og sjúklinga er farin að berjast fyrir auknum áhrifum notenda geðheilbrigðiskerfisins á sjálft kerfið og var ráðstefnan haldin undir yfirskriftinni „Brukarinflytande – nya vägar till vardagsmakt“ eða: Áhrif notenda – nýjar leiðir til daglegra umráða. „Það má segja að markmiðið með

þessu sé að kerfið virði þá staðreynd að fólk heldur áfram að vera menn með væntingar og sjálfstæðan vilja þótt það veikist andlega,“ segir Ása Hildur.

Sjálfstæðið fýkur við veikindi

Ása Hildur var alheilbrigð þar til hún lenti í bílslysi árið 1991. „Þá missti ég heilsuna líkamlega og í kjölfarið hrundi ég andlega, lenti í slæmu þunglyndi og kvíðaröskun,“ segir Ása og bætir því við að það sé ekki skrítið að fólk brotni saman þegar það missir heilsuna á besta aldri. „Félagsleg staða manns gjörbreyttist. Ég er lærður prentsmiður en menntunin fauk út um gluggann, ég var hátekjumanneskja en er gift og fæ þess vegna 56 þúsund krónur í bætur



„Ég kynntist Vin árið 1994 og var nánast borin hingað inn. Kom eiginlega inn á fötskum forsendum, ætlaði bara í ókeypis slökunartíma. Var sko ekki tilbúin til að viðurkenna að það væri neitt að mér.“

Kostir og gallar að mati gesta

Helstu kostir

- Gott og hæft starfsfólk sem lætur sér annt um mann og hringir ef mann vantar félags-skap.
- Reglulegur, góður og ódýr matur.
- Góð aðstaða.
- Gott viðmót, talað við mann með virðingu og hlýju.
- Manni er sýnd ábyrgð og traust, maður er virkjaður.
- Maður er ekki sjúklingur heldur gestur.
- Ferðalögin.
- Það er ekki verið að velta sér upp úr vandamálum manns.
- Það er ekki einlægt verið þræla manni í einhver þró-grömm.

Helstu gallar

- Sumir gestanna eru mjög veikir og það getur verið erfitt að skilja þá og lynda við þá.
- Stundum er talað um mjög neikvæða hluti.
- Stundum er of lítið að gera eftir hádegi, tímstundir of fábreyttar.
- Mætti fela gestum fleiri verk og fela þeim sjálfum að hafa húsið opið.

á mánuði. Maður missir því bæði einstaklingsfrelsið og félagslífið sem er nátengt vinnufélögunum.“

Ása var raunar mjög lánsöm, komst í samband við góðan geðlækni, fékk meðferð sem hentaði henni vel og hefur nú verið lyfjalaus í eitt og hálf ár. En hún hefur líka kynnst samskiptum við geðheilbrigðiskerfið sem aðstandandi því móðir hennar var illa haldin af þunglyndi. Eftir að hafa heyrt fjölmargar sögur annarra aðstandenda og sjúklinga er hún sannfærð um nauðsyn þess að notendur kerfisins hafi meiri áhrif. „Ef við viljum að hver og einn fái þá meðferð sem nýtist honum best þá þarf viðkomandi að vera sáttur við meðferð sína. Auðvitað getur fólk orðið svo veikt að það er ekki fært um að taka ákvarðanir en það er samt hagsmunamál að hver og einn sé spurður. Við hættum ekkert að vera einstaklingar þegar við veikjumst.“

Sjálfbóðaliðum umbunað fyrir óeigingjarnt starf:

Sundkort, námskeið, máltíðir og flíspeysur

Pegar sjálfbóðaliði er spurður hvers vegna hann stundar sjálfbóðavinnu svarar hann gjarnan: „Þetta gefur mér svo mikið.“ En stundum þurfa sjálfbóðaliðar klapp á bakið eins og annað fólk. Deildir á landinu hafa farið ýmsar leiðir til að segja „takk“ við sjálfbóðaliða sína; gefið sundkort, boðið í bíó, veitt viðurkenningar-skjöl og boðið á námskeið svo eitthvað sé nefnt.

Hundruð Íslendinga stunda sjálfbóðastörf á vegum Rauða krossins árið um kring. Eðli málsins samkvæmt þiggja þeir ekki laun fyrir vinnu sína en deildum er í sjálfsvald sett hvort þær umbuna sjálfbóðaliðum. Hjálpin fór á stúfana til að kanna hvernig deildir færu að því að þakka sínu fólki og hvetja það til dáða.

Bíóferð og léttur hádegisverður

Sjálfbóðaliðum hjá Kópavogsdeild hefur ekki verið umbunað á kerfisbundinn hátt, segir Garðar Guðjónsson formaður deildarinnar. „En okkur finnst sjálfsagt að gera það. Við buðum til dæmis sjúkravinum, sem hafa verið að sópa að sér viðurkenningum og verðlaunum frá Rauða krossinum, í léttan hádegismat í Dillonshúsi í Árbæjarsafni í tilefni af því að þeir fengu viðurkenningarskjál á síðasta aðalfundi Rauða krossins. Í söfnuninni Göngum til góðs höfum við notið mikils stuðnings 10. bekkjar í grunnskólunum og í fyrra var þeim umbunað með því að semja við Smárabíó um að bjóða



Hópi sjálfbóðaliða úr L12 var boðið í súpu og salat á Carpe Diem skömmu fyrir jól. „Við fundum það vel að svona umbun var þeim mikil hvatning,“ segir Linda Ósk Sigurðardóttir, svæðisfulltrúi á höfuðborgarsvæðinu.

hópnum að taka með sér gest í bíó. Ég lit líka á það sem umbun, og um leið fjárfestingu í sjálfbóðaliðum, að bjóða þeim á námskeið sem nýtast bæði í sjálfbóðna starfinu og í daglegu lífi. Mér finnst sjálfsagt að umbuna fólki fyrir vel unnin sjálfbóðin störf. Og það finnst mér að Rauði krossinn eigi að gera, kannski í ríkari mæli en hingað til.“

L12

Hópur tuttugu kvenna sér alveg um að manna fatabúð Rauða krossins á Laugavegi 12 – L12 – alla virka

daga. Konurnar eru allar sjálfbóðaliðar. Dagurinn skiptist í tvær vaktir, 10–14 og 14–17.30, og eru tvær konur á hverri vakt. „Í desember var svo opið ennþá lengur,“ segir Linda Ósk Sigurðardóttir, svæðisfulltrúi Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæðinu, „og þær bættu þessari vinnu á sig eins og ekkert væri. Okkur langaði því til að umbuna þeim á einhvern hátt og ákváðum að bjóða þeim í súpu og salat á Carpe Diem rétt fyrir jól. Þar kveiktum við á kertum, hlýddum á jólasögu og sungum jólalög. Þetta var virkilega hátíðleg og skemmtileg stund.“

Sjálfbóðahópurinn hittist mánáðarlega í Sjálfbóðamiðstöðinni á Hverfisgötu, ásamt Guðrúnu Sigurjónsdóttur verslunarstjóra, og í lok apríl var Anna í „Önnu og útlitinu“ fengin til að fara yfir litaval, förðun og uppstillingar í búðinni til að efla konurnar og hvetja í starfi. „Svo er líka áhugi fyrir að bjóða þeim á eins konar sölunámskeið til að veita þeim enn meira sjálfstraust í sölu-mennskunni. Við fundum það nefnilega vel á Carpe Diem hvað svona umbun var þeim mikil hvatning.“

Kvöldverðir

Þá hafa sumar deildir umbunað stjórnnum og sjálfbóðaliðum með kvöldverði. Þannig heldur Akureyrardeildin jólahlaðborð fyrir stjórnarmenn, starfsmenn í Laut og maka þeirra, þar sem menn koma saman, snæða góðan kvöldverð og skemmta sér með heimatilbúnum skemmtatriðum. Eins hafa menn gripið tækifærið á árlegum vorfundum deilda á Norðurlandi til að gleðjast yfir góðum kvöldverði. „Sumum finnst svona kvöldverðarboð ekki viðeigandi,“ segir Katrín María Andrésdóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins á Norðurlandi, „en öðrum finnst þetta sjálfsögð leið til að umbuna fólki

„Ég held að námskeið séu mjög góð leið til að umbuna sjálfbóðaliðum og gera þá undantekningarlaust hæfari til að sinna sjálfbóðastörfum sínum.“

6000 nemendur fræðast um Rauða krossinn

Umfangsmikið átak til að kynna eldri grunnskólanemum á höfuðborgarsvæðinu starfsemi Rauða krossins hefur verið í gangi í allan vetur. Útsendarar deildanna á höfuðborgarsvæðinu heimsóttu um 3500 nemendur í 8. og 9. bekk, sýndu þeim myndbandið „When I think of Angels“ og héldu uppi umræðum um starfsemi hreyf-

ingarinnar. Auk þess voru 8.-bekkingar fræddir um Rauðakrosshúsið og Hjálparsíma Rauða krossins en 9. bekkur fékk fræðslu um ofbeldi.

Tíundubekkingar urðu ekki útundan í þessu fræðsluátaki því Rauði kross Íslands greiddi laun starfsmanns sem fór í efsta bekk grunnskólanna til að fræða nemendur um leiðir til að styrkja

sjálfsmynd sína og kynna starfsemi Rauða krossins. Sjálfsmyndarverkefnið var unnið í samstarfi við heilsugæsluna, Geðrækt, Eskimómódel og Hitt húsið.

Móttökur í skólunum voru góðar og aðeins þrjár skólar þáðu ekki heimsókn.

Nýjar vina- deildir í Albaníu

Hópur manna fór til Albaníu síðastliðið sumar til að kynna sér möguleika á nýju samstarfsverkefni milli Kjósarsýslu-, Bessastaðarhrepps-, Kópavogs- og Garðabæjardeildar og nokkurra deilda í Albaníu. Markmiðið með verkefninu er að fræða almenning um svokallaða öldusótt og almennt hreinlæti.

Sjö fulltrúar frá íslensku deildunum fóru til Albaníu dagana 4.–10. júlí ásamt Lindu Ósk Sigurðardóttur, svæðisfulltrúa Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæðinu, og Gestu Hrólfssyni, deildarstjóra próunarmála. Í framhaldi af þessari heimsókn ákvað Kjósarsýsludeildin að bjóða tveimur fulltrúum albanska Rauða krossins hingað í heimsókn, formanni deildarinnar í Delvína (sem er vinadeild Kjósarsýsludeildar) og starfsmanni Rauða kross Albaníu. Auk þess að sýna albönsku gestunum Gullfoss, Geysi og Stokkseyrir voru haldnir fundir um fyrirhugað samstarfsverkefni.

Í kjölfarið var ákveðið að stefna að vinasambandi milli Kópavogsdeildar og deildar í Gjirokastra, Bessastaðahreppsdeildar og deildarinnar í Tepelena, og Garðabæjardeildar og deildarinnar í Permeti. Deildunum er í sjálfvald sett hvernig samskiptunum verður háttað en hugmyndir eru uppi um að mynda tengsl milli skóla og leikskóla, styrkja munaðarlaus börn, aðstoða deildir við að efla starf sitt, virkja ungt fólk til starfa og margt fleira. Með því að sækja Albaníu heim og fá albönsku gestina hingað til lands náðu fulltrúar deildanna að mynda persónuleg tengsl og öðlast betri skilning á menningu og lífnaðarháttum fólks í Albaníu og á það áreiðanlega eftir að nýtast verkefninu.



Sigrún Jóhannsdóttir, formaður Bessastaðahreppsdeildar, á fundi með fulltrúum deildarinnar í Tepelena í Albaníu.



fyrir þrotlaust starf árið um kring." Markmiðið með þessum kvöldsamkomum er fyrst og fremst, segir Katrín María, að skapa tækifæri fyrir sjálfboðaliða til að koma saman og treysta böndin.

Fatnaður

Þegar sjálfboðaliðar Rauða krossins standa fyrir einhvers konar fjáröflun, samkomum eða uppákomum má oft sjá her af rauðklæddu fólki, auðkenndu með rauðum flíspeysum eða léttum útivistarjökkum. Sumar deildir hafa niðurgreitt slíkan útivistarfatnað til sjálfboðaliða eða jafnvel gefið þeim hann, bæði til að auðkenna deildina og til að tryggja að menn eigi hlýjar flíkur í útköllum. „Þetta er um leið ákveðin tegund umbunar," segir Katrín María.

Sundkort skagfirskra sjálfboðaliða

Um 40 sjálfboðaliðar Skagafjarðardeildar hafa frá því í fyrra fengið sundkort, sem veitir um leið frítt í tækjasal, sem þakklaetisvott fyrir sjálfboðastörfin. „Fjöldahjálparstjórnir þurfa að vera í góðu formi og

því er um að gera að hvetja fólk til að stunda heilsurækt," segir Karl Lúdvíksson, íþróttakennari og formaður Skagafjarðardeildar, og tekur fram að þessi umbun kosti deildina afar lítið enda veitir sveitarfélagið aflslátt af sundkortunum.

Námskeið

Að lokum er mikið um það að deildir bjóði sjálfboðaliðum sínum á námskeið, til dæmis í sálrænni skyndihjálpi, sem geta þá bæði gagnast fólki í daglegu amstri og í sjálfboðastörfum fyrir Rauða krossinn. „Á þessum námskeiðum fær fólk tækifæri til að styrkja sig og efla í starfi," segir Katrín María. Hún bendir á að stjórn Öxarfjarðardeildar hafi brugðið á það ráð að bjóða sjálfboðaliðum sínum á sjálfstyrkingarnámskeið þegar aðsókn að nám-

skeiðum deildarinnar var orðin heldur dræm. „Sálfræðingur var fenginn til að halda námskeiðið og það var vel sótt. Þetta var mjög sniðugt, enda efla sjálfstyrkingarnámskeið fólk í viðfangsefnum daglegs lífs, styrkja samskipti þeirra við aðra og um leið eigin sjálfmynd."

Í sumum tilvikum getur námskeiðið jafnvel veitt fólki ný starfstækifæri. „Ef fólk er til dæmis með kennara- eða heilbrigðismenntun og fer á leiðbeinendanámskeið í skyndihjálpi öðlast það starfsréttindi sem skyndihjálparleiðbeinandi," segir Katrín María. „Ég held að námskeið séu mjög góð leið til að umbuna sjálfboðaliðum og geri þá undantekningarlaust hæfari til að sinna sjálfboðastörfum sínum."

„Mér finnst sjálfsagt að umbuna fólki fyrir vel unnin sjálfboðin störf. Og það finnst mér að Rauði krossinn eigi að gera, kannski í ríkari mæli en hingað til."

Sumarþúðir fyrir syrgjandi börn og unglinga

Árangursrík leið til að hjálpa börnum og unglingum við að vinna úr sorg eftir látinn ástvin var meginefni námskeiðs sem eistneski sálfræðingurinn Maire Riis hélt í byrjun apríl fyrir leiðbeinendur í sálrænni skyndihjálpi og áfallahjálparteymi Rauða kross Íslands.

Maire Riis veitir forstöðu svokölluðum „Sorgarþúðum fyrir börn og unglinga“ en samtökin sem þetta annast eiga upptök sín í vinnu með börnum sem misstu foreldra eða systkini þegar farþegaferjan Estonia sökk árið 1995. „Aðferð hennar er að fara með börn sem hafa misst náinn ættingja í 8 daga í eins konar sumarþúðir, Sorgarþúðirnar,“ segir Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur og verkefni-



Maire Riis

isstjóri í sálrænni skyndihjálpi hjá Rauða krossi Íslands. Námskeiðið stóð þrjá daga en slík námskeið eru haldin árlega til að viðhalda þekkingu þeirra sem leiðbeina í sálrænni skyndihjálpi og eru í áfallahjálparteymi Rauða krossins, alls um 40 manns.

„Í sumarþúðunum nota þau mikið leiki, teikningar og þjóðsögur sem þau geta tengt við missi sinn og sorg. Svo eru hópfundir þar sem börnin geta tjáð sig um missinn við önnur börn. Þannig finnst þeim þau ekki vera eins og Palli sem var einn í heiminum og finna að fleirum líður eins. Það var þessi umgjörð sem ég hreifst af,“ segir Jóhann, „en hún hefur líka verið notuð með til dæmis börnum alkóhólísta í Bandaríkjunum, það er að segja að fara með börnin í nokkra daga í ein-

hverskonar þúðir til að vinna úr sínum málum. Þessi aðferð hefur gefið góða raun.“

Auk þess að sitja hópfundi fá börnin að gera ýmislegt sér til skemmtunar, dansa á diskóteki, stunda íþróttir og annað það sem fylgir sumarþúðalífi. Til að fylgjast með því hvernig börnunum reiddir af eru þau aftur kölluð saman um haustið yfir helgi og að lokum hittast þau um helgi í apríl árið á eftir.

Börn sem hafa lent í sárum missi eru í meiri hættu á að lenda upp á kant við fjölskyldu og skóla og sum veita sorg sinni útrás með óæskilegri hegðun. Markmið þúðanna er að létta þeim sorgina með öðrum leiðum. Jóhann telur það raunhæfan kost að nota þessa aðferð hér á landi en engin ákvörðun um slíkt hefur þó verið tekin enn.

Bjargaði litlu systur frá drukknun

Sindri Róbertsson, sextán ára námsmaður frá Breiðdalsvík, hlaut viðurkenningu Rauða kross Íslands sem Skyndihjálparmaður ársins 2002. Jafnframt hlutu sjö aðrir einstaklingar sem komu að tveimur slysum á árinu 2002 sérstakar viðurkenningar fyrir framgöngu sína á slysstað.

Sindri fékk viðurkenninguna fyrir frækilega björgun 18 mánaða systur sinnar frá drukknun, en hún hafði fallið í tjörn í húsgarði á Breiðdalsvík í lok júlí 2002. Sindri brást við með því að blása í systur sína og beita hana hjartahnoði þar til sérhæfð aðstoð barst. Með framgöngu sinni bjargaði hann lífi hennar.

Mikilvægi þekkingar í skyndihjálpi

Veitt er viðurkenning fyrir að beita réttum aðferðum á slysstað og bjarga þannig lífi eða koma í veg fyrir alvarlegri afleiðingar slyss.

Viðurkenningin er veitt í samstarfi við tímaritið Séð og heyrt, sem hefur tekið að sér að kynna

aðferðir í skyndihjálpi fyrir almenningi. Viðstaddir athöfnina voru fulltrúar landlæknis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Neyðarlínu, lögreglu, slökkviliðs og slysa- og bráðadeildar Landspítala-háskólasjúkrahúss.



Sindri Róbertsson sýndi mikið snarræði þegar hann blés lífi í litlu systur sína í júlí í fyrra. Hann er Skyndihjálparmaður ársins 2002. Meðal annarra sem fengu viðurkenningu voru Jóna Guðrún og Árni Rúnar Baldursbörn, sem björguðu lífi móður sinnar og systur eftir að bíll sem þau voru í lenti í Hólmsá.

Sjö einstaklingum var veitt viðurkenning auk Sindra, – Sigurði G. Ragnarssyni, Sigurði Skúlasyni, Péttri Ottesen, Guðmundi Jens Knúttssyni, Sigmundi Felixsyni, Jónu Guðrúnu Baldursdóttur og Árna Rúnari Baldurssyni – fyrir veitta aðstoð á vettvangi bílslyss í Hólmsá 29. nóvember 2002, og Svani Tómassyni sem bjargaði lífi föður síns þegar grafa hans fór út í sjó við Ólafsvíkurenni 11. nóvember 2002. Þess má geta að Jóna Guðrún og Árni Rúnar voru farþegar í bílnum sem fór í Hólmsá.

Kraftur í Hafnarfjarðardeildinni:

Hafnfirskt athvarf fyrir geðfatlaða

Í tvílyftu húsi með útsýni yfir Lækinn í Hafnarfirði verður í vor opnað nýtt athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Þökk sé þrotlausum undirbúningi og seiglu stjórnar Hafnarfjarðardeildar fá geðfatlaðir brátt samastað í bænum þar sem þeir geta hist, spjallað og borðað á daginn. Helgi Ívarsson, formaður Hafnarfjarðardeildar, var að vonum glaður og reifur þegar Hjálpin tók hús á honum í Bæjarhrauninu.

Það er suddagrótt úti en inni í rúmgóðri aðstöðu Hafnarfjarðardeildar var tekið á móti formanninum með traktoringum. „Ég er orðinn fimm ára,“ segir hann og brosir út í annað. Kemur reyndar í ljós að afmælisbarnið er gott betur, 55 væri nær lagi. Við maulum ljúffenga skúffuköku um leið og Helgi segir frá hinu langþræða athvarfi. Það hefur lengi verið kappsmál hjá deildinni að opna athvarf fyrir geðfatlaða enda Hafnarfjörður þriðji stærsti bær landsins. Hugmyndin kom fyrst upp fyrir um sex árum og staðbundin könnun á hógum bæjarbúa árið 2000 sýndi að um 18 menn með geðraskanir bjuggu í bænum og níu að auki í Garðabæ. Könnunin sýndi að þetta fólk ætti á að einangrast félagslega. Síðastliðið haust hófst svo undirbúningur af fullum krafti þegar áhugi bæjaryfirvalda og Svæðisskrifstofu fatlaðra lá fyrir.

Að hætti Dvalar og Vinjar

Samningur til þriggja ára var svo undirritaður 3. apríl og í honum felst að Hafnarfjarðarbær leggur til húsnæði á Hörðuvöllum 1, sinnir viðhaldi og greiðir fyrir hálfa stöðu starfsmanns. Svæðisskrifstofan greiðir einnig hálf stöðugildi en Hafnarfjarðardeildin greiðir laun faglærðs forstöðumanns og tekur að sér að útvega húsgögn og innanstokksmuni aðra svo hægt sé að matast, hvílast og spjalla í húsinu með góðu

móti. Starfsemin verður byggð á sömu hugmynd og athvörfin Vin í Reykjavík og Dvöl í Kópavogi. Búist er við að rekstur hússins kosti deildina um 4–5 milljónir á ári, sem er um helmingur af þeim tekjum sem deildin hefur úr að spila.

Húsið við Lækinn verður tekið í notkun strax í maí enda ekkert sem tefur málið. Hafnarfjarðardeildin verður ekki lengi að fylla húsið af nauðsynlegum húsgögnum, tækjum og tólum því athvarfið hefur verið á fjárhagsáætlun í nokkur ár og búið að leggja í sjóð fyrir stofnkostnaði. „Við ætlum að leggja metnað okkar í að fá fagmann í starf forstöðumanns,“ segir Helgi en forstöðumaðurinn fær frjálsar hendur um að móta starfsemin á samráði við gesti. Húsið verður opið alla virka daga klukkan 10–14. „Þetta fyllist auðvitað ekki á fyrstu vikunni og við



Helgi Ívarsson formaður Hafnarfjarðardeildar Rauða krossins, Sigríður Kristjánsdóttir frá Svæðisskrifstofu fatlaðra og Lúðvík Geirsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar takast kampakáti í hendur eftir undirskrift samnings um rekstur á athvarfi fyrir geðfatlaða í Hafnarfirði.

ætlum að fara hægt af stað,“ segir Helgi. Kynningarátak er ekki fyrirhugað heldur er ætlunin að láta starfsemin á húsinu spyrjast út. Sem tekur eflaust ekki langan tíma meðal þeirra sem á þurfa að halda.

Önnur verkefni

Athvarfið á Hörðuvöllum er að sjálf-sögðu ekki eina verkefnið sem deildin hefur sinnt að undanfögnu. Meðal annars hefur verið starfað ótulllega við fatasöfnun. „Við byrjuðum ásamt Garðabæjardeildinni að safna fötum í gáma fyrir utan stórmarkaðina hér og fatasöfnunin er orðin býsna stór þáttur í starfsemi okkar. Svo höfum við veitt eina milljón á ári til að reka dagheimili fyrir fjölfötluð börn í bænum Yangiol í Úsbekistan.“ Þá hefur verið veittur margs konar stuðningur við flóttamenn frá því

deildin tók á móti fólki frá Kosovó vorið 1999 og nýlega var komið á samstarfi við Rauða krossinn í Færeyjum. „Tilgangur þess samstarfs er að auka tengsl milli okkar grannana til að eiga vini svona nálæga. Hingað til hefur alltof lítið verið um samskipti á milli þessara nálægu landa um Rauða kross málefni,“ segir Helgi. Ungmennadeild Hafnarfjarðardeildarinnar, URKÍ-H, hefur einnig verið öflug og meðal annars séð um að manna laugardagana í L12 á Laugaveginum.

Þótt heimur fari batnandi á mörgum sviðum er víða pottur brotinn og að sögn Helga hefur fjöldi beiðna um einstaklingsaðstoð þrefaldast á um tveimur árum. Það er því deginum ljósara að þörfin fyrir kraftmikla Rauða kross deild í Hafnarfirði er mikil, nú sem áður.



Glaðbeitur hópur krakka á námskeiði um börn og umhverfi hjá Hafnarfjarðardeild.

Hjálp í eyðimörkinni

Porkell Þorkelsson ljósmyndari Morgunblaðsins fór á vegum Rauða kross Íslands til Jórdaníu til að mynda viðbúnað Rauða krossins og Rauða hálfmánans í tengslum við átökin í Írak. Myndir hans hafa á undanförunum vikum birst í fjölmiðlum um allan heim, meðal annars þessi af starfsmanni Rauða hálfmánans. Hann er með gleraugu til að hlífa augunum fyrir sandroki í eyðimörkinni í Jórdaníu.



Örbirgð í 30 stiga gaddi Þú getur hjálpað



Ágæti stuðningsmaður Rauða krossins

Á síðustu þremur árum hafa styrktarmenn Rauða kross Íslands stutt hjálparstarf vegna alnæmisfaraldursins í sunnanverðri Afríku. Þetta er aðstoð sem skiptir miklu máli fyrir þúsundir einstaklinga sem hennar njóta.

Á þessu ári ætlum við að hjálpa hirðingjum í Mongólíu, sem nú upplifa fjórða harðindaveturinn í röð. Brýn þörf er fyrir mat og hlýjan fatnað.

Tvö þúsund og fimm hundruð krónur sem þú leggur til hjálparstarfsins nægja til að veita einni manneskju, sem nú líður mikinn skort, nauðsynlega vetraraðstoð.

Til þess að gerast styrktarfélagi Rauða krossins geturðu farið inn á vef félagsins www.redcross.is og skráð framlagið á öruggum netþjóni eða hringt í okkur í síma 570 4000 á skrifstofutíma.



Með bestu kveðju,

Sigrún Árnadóttir

Sigrún Árnadóttir
frankvæmdastjóri Rauða kross Íslands

 **Rauði kross Íslands**